# FRÉTTABLAÐIÐ

201. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 30. ÁGÚST 2019




Íslenska kvennalandsliðið byrjaði undankeppni EM 2021 með öruggum 4-1 sigri á Ungverjum á Laugardalsvelli í gær. Elín Metta Jensen var hetja liðsins og skoraði bæði fyrsta og síðasta mark leiksins. Íslenska liðið tekur á móti Slóvökum í næsta leik undankeppninnar á mánudaginn klukkan 18.45. Sjá nánar á síðu 12 FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

# Óánægja meðal sjúkraþjálfara

**Formaður Félags sjúkraþjálfara er agndofa yfir því að kollsteypa eigi hlutunum með fyrirhuguðu útboði á þjónustu þeirra og segir óvissu ríkja. Forstjóri Sjúkratrygginga segir að verið sé að framfylgja lögum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við höfum haft veður af því lengi að einhverjar breytingar á fyrirkomulagi samninga við Sjúkratryggingar væru fyrirhugaðar en þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir höfum við aldrei fengið nein svör um eitt eða neitt,“ segir Unnur Pétursdóttir, formaður Félags sjúkraþjálfara. Fram til þessa hefur rammasamningur verið í gildi milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og sjúkraþjálfara. Ríkiskaupum hefur hins vegar nú verið falið að bjóða út sjúkraþjálfun á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við lög um opinber innkaup sem samþykkt voru árið 2016.

„Í rauninni má segja að við séum algjörlega í myrkrinu í þessu máli. Tilkynning kom bara á heimasíðu SÍ fyrir nokkrum dögum og við vitum í rauninni ekkert,“ segir Unnur

María Heimisdóttir, forstjóri SÍ, segir lengi hafi legið fyrir að breytt yrði um innkaupaferli frá því sem verið hefur og að breytingarnar hefðu ekki átt að koma neinum á óvart. „Það eru þrjú ár síðan lögunum var breytt svo þetta ætti ekki að koma neinum á óvart,“ segir María og bætir við að mikilvægt sé fyrir alla sem stundi viðskipti að þekkja viðskiptaumhverfi sitt.

„Við birtum fréttatilkynninguna á síðunni okkar ásamt því að við sendum hana í tölvupósti á alla sjúkraþjálfara. Með því að gera þetta svona tryggjum við að allir sem að málinu koma hafi sömu upplýsingar,“ segir María.

Rammasamningurinn rann út í febrúar en enn er starfað eftir þeim samningi. „Þetta hefur gengið með ágætum með þessu fyrirkomulagi frá 1973 þannig að maður er eiginlega bara agndofa yfir því að það eigi að fara að kollsteypa hlutunum og samkvæmt því upplýsingaleysi sem snýr að okkur þá hef ég enga sérstaka trú á því að þeir [SÍ] viti hvar þeirra skip kemur að landi með þetta mál,“ segir Unnur.

María segir ástæðu breytinganna þríþætta. „Samningar voru lausir svo það var nauðsynlegt að koma þessu í nýjan formlegan farveg. Svo hafa orðið breytingar á lögum um opinber innkaup sem við erum í rauninni að laga þetta kerfi að og í þriðja lagi er það þekkt að kostnaður vegna þessarar þjónustu hefur farið töluvert umfram það sem heimild er til á fjárlögum. Svo þetta er auðvitað líka liður í því að laga kostnaðinn að fjárlögum,“ segir María. – **bdj**

## Væringar hjá HS Orku

**VIÐSKIPTI** Í gær var tilkynnt um starfslok Ásgeirs Margeirssonar í starfi forstjóra HS Orku. Ásgeir segir að starfslok sín tengist nýjum áherslum eigenda og hafi ekkert með málefni Hvalárvirkjunar að gera.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun fjármálastjóri félagsins einnig láta af störfum. Sömu heimildir herma að tveir stjórnarmenn hafi sagt af sér í síðustu viku og hefur nýr stjórnarformaður verið skipaður.

HS Orka er í helmingseigu samlagshlutafélagsins Jarðvarma en eigendur þess félags eru fjórtán lífeyrissjóðir. Hinn helmingur HS Orku er í eigu félagsins Magma Energy Sweden.



**– sar /** **sjá síðu 6**




## Veður




NA-átt, víða 8-13 um vestanvert landið, hægari norðlæg átt annars staðar. Dálítil rigning eða súld NV-til en skúrir í öðrum landshlutum, einkum síðdegis. Hiti 4 til 12 stig, hlýjast sunnanlands. SJÁ SÍÐU 18



**Gísli Örn Garðarsson fer með hlutverk í Ég hleyp.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Gefur tekjur sínar af sýningunni

**MENNING** Leikarinn Gísli Örn Garðarsson ætlar að gefa allar tekjur sínar af leiksýningunni Ég hleyp, sem sýnd verður næsta vor í Borgarleikhúsinu, til góðgerðarmála. Ég hleyp er danskt leikrit byggt á sannri sögu um barnsmissi. Gísli Örn hafði sjálfur frumkvæði að uppsetningunni ásamt Kristínu Eysteinsdóttur leikhússtjóra.

„Þetta er saga um danskan blaðamann sem missir dóttur sína. Sex tímum eftir að hún er látin var hann farinn út að hlaupa, eitthvað sem hann hafði aldrei gert áður,“ segir Gísli Örn. „Þetta verður áskorun, bæði af því að viðfangsefnið er viðkvæmt og af því að þetta er líkamlega erfitt eins og við Baldvin Z leikstjóri ætlum að vinna þetta.“

Allar tekjur Gísla Arnar af leikritinu munu renna til samtakanna Nýrrar dögunar, Bergsins, Ljónshjarta og Dropans. „Mér fannst ekki rétt að þiggja laun við að leika þetta efni og fara í þetta ferðalag, svo við Kristín fundum útfærslu á þessu þar sem niðurstaðan er þessi. Það sem hefði komið í minn hlut mun renna til þessara samtaka,“ segir hann.

Gísli Örn mun hlaupa á bilinu 10 til 12 kílómetra á hverri sýningu og því er ekki seinna vænna að hefja æfingar. „Ég tók 10 kílómetra í Reykjavíkurmaraþoninu og er að bíða eftir að hnén jafni sig svo ég geti byrjað aftur að æfa á skynsamlegum hraða.“ **– khg**

## Busavígsla í MR



**Tekið var á móti nýnemum í Menntaskólanum í Reykjavík eftir gamalli hefð í gær. Eldri nemendur skólans klæða sig upp í hvíta tóga og sækja nýnemana í skólastofur þeirra. Því næst eru þeir leiddir út og tolleraðir á grasflötinni fyrir framan skólann.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

# Fleiri í farbann

**DÓMSMÁL** Á síðasta ári voru kveðnir upp 214 farbannsúrskurðir hjá héraðsdómstólum landsins. Voru úrskurðirnir 85 árið 2017, 137 árið 2016 og árið 2015 voru þeir 69. Þetta kemur fram í svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur, þingmanns Pírata.

Þórhildur Sunna spurði um fjölda gæsluvarðhalds- og farbannsúrskurða síðastliðin fimm ár. Ekki reyndist unnt að sundurgreina svörin eftir flokkum brota, þjóðerni þess sem úrskurður beindist að né því lagaákvæði sem hann var reistur á.

Langflestir farbannsúrskurðir féllu á síðasta ári í Héraðsdómi Reykjaness, eða 98, og í Héraðsdómi Reykjavíkur, þar sem þeir voru 92.

Gæsluvarðhaldsúrskurðir í fyrra voru 489 en 449 árið áður. Árið 2016 voru þeir 343, þeir voru 338 árið 2015 og 257 árið 2014.

Fram kemur að fjöldi úrskurða þýði ekki sama fjölda einstaklinga þar sem hægt sé að úrskurða þá endurtekið í farbann eða gæsluvarðhald. **– sar**




# Finna fyrir sterkri tengingu við Pólland

**Í dag búa meira en 20 þúsund Pólverjar á Íslandi. Mannfræðingur sem hefur rannsakað innflytjendur frá Póllandi síðustu fimmtán ár segir marga upplifa sig sem gesti á landinu en finna fyrir söknuði þegar þeir fara aftur til Póllands.**

**SAMFÉLAG** „Það er ekki til ein sameiginleg reynsla Pólverja á Íslandi. Þetta er allt fólk með ólíkan bakgrunn, ólík markmið og ólíkar skoðanir,“ segir mannfræðingurinn Anna Wojtyńska. Á föstudaginn varði hún doktorsritgerð sína við Háskóla Íslands um innflytjendur frá Póllandi. Um er að ræða niðurstöður 15 ára rannsóknar þar sem Anna ræddi við innflytjendur frá Póllandi um allt land ásamt greiningu á tölulegum gögnum.

Í júlí urðu Pólverjar 20 þúsund hér á landi, er það breyting frá um einu þúsundi fyrir 20 árum. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá er þó aðeins um að ræða pólska ríkisborgara sem skráðir eru með heimilisfang, ekki alla sem hafa íslenska kennitölu. Þá ná tölurnar ekki til þeirra sem starfa hér í stuttan tíma.

„Þetta hefur haft mikil áhrif á íslenskt þjóðfélag á stuttum tíma. Pólverjar eru orðnir stór hluti af verkamannastéttinni sem eykur mjög á fjölbreytnina í landinu. Pólsk áhrif eru víða án þess að fólk taki eftir þeim,“ segir Anna.

Athygli vekur að vefur Embættis forseta Íslands er þýddur yfir á pólsku. „Pólverjar eru langstærsti hópur innflytjenda á Íslandi og Íslendinga sem fæddust erlendis. Að því leyti til tel ég þetta sjálfsagða þjónustu,“ segir Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands. „Ég hef í minni embættistíð hitt fjölda Pólverja og þykir mjög vænt um hversu margir eru orðnir færir í íslensku, hafa skotið hér rótum og vilja láta gott af sér leiða í íslensku samfélagi. En fólk verður ekki fullnuma í íslensku á einni nóttu þannig að þetta lýtur að því að veita íbúum landsins eins góða þjónustu og unnt er að verða við.“



**Anna Wojtyńska varði doktorsritgerð sína í mannfræði við Háskóla Íslands á föstudaginn, ritgerðin fjallar um pólska innflytjendur.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Fólk verður ekki fullnuma í íslensku á einni nóttu.**
>
> Anna Wojtyńska mannfræðingur

Anna segir erfitt að draga einhverja eina niðurstöðu út úr rannsókninni fyrir utan að reynsla Pólverja hér á landi sé mótsagnakennd. „Hluti þeirra eru farandverkamenn sem ætla aðeins að vera hér í stuttan tíma, aðrir flytja með fjölskyldu sinni, svo eru þeir sem ílengjast,“ segir Anna. „Sumir finna fyrir sterkri tengingu við Pólland þrátt fyrir að hafa búið á Íslandi í mörg ár, upplifa sig sem gesti. Margir sækjast í náin tengsl við aðra Pólverja og eru duglegir við að nota fríin til að heimsækja ættingja í Póllandi.“ Margir Pólverjar upplifi minni stéttaskiptingu hér á landi, en á sama tíma að þeir séu ráðnir í lægst launuðu störfin.

Anna, sem er sjálf frá Póllandi, þekkir tilfinningu margra um að sakna Íslands þegar hún er í Póllandi og öfugt. „Viðmælendur mínir sem hafa flust oftar en einu sinni milli landa tala um að hafa saknað hluta frá Íslandi þegar þeir voru komnir aftur til Póllands og þurftu tíma til að aðlagast aftur.“

Eins og áður segir hefur Pólverjum hér á landi fjölgað mikið á þeim árum sem Anna hefur stundað rannsóknir. Hún hefur tekið eftir því hvernig Pólverjar upplifa Ísland öðruvísi í dag. „Það var alltaf þannig að viðmælendur mínir töluðu um hvað Ísland væri grátt og það væri engin náttúra. Í dag er þetta iðulega eitthvað sem allir tala jákvætt um, hvað náttúran hér sé falleg,“ segir Anna.

Það er þó eitt atriði sem sameinar flesta. „Íslenskan. Það er erfitt að læra íslensku. Svo þegar maður er búinn að læra helling, þá er maður stundum feiminn við að nota hana.“

arib@frettabladid.is



# Busun í MR

Stuð og stemning ríkti í Menntaskólanum í Reykjavík í dag þegar þar fór fram busavígsla. Eldri nemendur, klæddir í hvíta tóga og með ógnvekjandi andlitsmálningu, tóku á móti nýnemum og tolleruðu þau fyrir utan skólann líkt og tíðkast hefur í áraraðir. Athæfið vakti áhuga ferðamanna og annarra vegfarenda sem gerðu hlé á ferðum sínum og fylgdust með.









KALDALÓN

Kaldalón hf. skráð í Kauphöll Íslands | First North



Kaldalón hf. er fasteignaþróunarfélag sem
sérhæfir sig í byggingu íbúðarhúsnæðis.

kaldalon.is



FRÉTTABLAÐIÐ.IS

**1 Vísað frá Kínahofinu vegna flogaveiki: „Ekki æskilegur viðskiptavinur“** Unni Hrefnu Jóhannsdóttur var meinað að borða á Kínahofinu eftir að hún fékk flogakast. Lögmaður Öryrkjabandalagsins er kominn í málið.

**2 „Ósmekklegt“ að líkja Kviku við SpKef** Forstjóri Kviku banka segir ósmekklegt að gera mikið úr mögulegri áhættu við efnahagsreikning Kviku og líkja fyrirtækinu við Lehman og Sparisjóð Keflavíkur.

**3 Hart tekist á um kókkæli inni í stofu** Netverjar takast ansi hart á um það hvort kókkælir eigi að fá að vera inni í stofu hjá íslensku pari.

**4 Pornhub birti „skítugasta myndbandið“ fyrir hreinsun hafsins** Pornhub hefur ýtt úr vör átaki til að hreinsa hafið með nýju myndbandi, sem sagt er skítugasta klámmyndband í heimi.

**5 Skipstjórinn á Viðeyjarferjunni handtekinn vegna ölvunar** Skipstjórinn var handtekinn vegna ölvunar. Elding, sem gerir út bátinn, harmar atvikið og hefur vikið manninum frá störfum.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á **www.frettabladid.is**

# Leggja til niðurfellingu tolla af blómkáli til áramóta

**LANDBÚNAÐUR** Ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara hefur lagt til við Sigurð Inga Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, að tollar á innflutt blómkál og spergilkál verði felldir niður frá 2. september til áramóta.

Í rökstuðningi nefndarinnar segir að innlend framleiðsla geti ekki annað eftirspurn á markaðnum og framboð sé því ekki nægilegt samkvæmt skilgreiningu búvörulaga.

Töluvert hefur verið fjallað að undanförnu um vaxandi vinsældir blómkáls og erfiðleika innlendra framleiðenda við að anna eftirspurn. Félag atvinnurekenda (FA) fór í vikunni fram á að tollar yrðu felldir niður tafarlaust. Benti félagið á að blómkál væri tollfrjálst stærstan hluta ársins, aðeins væru lagðir tollar á það þegar íslenska framleiðslan kæmi á markað síðsumars.



Það hafi verið gert 18. ágúst síðastliðinn en annars vegar er lagður 30 prósenta verðtollur og 176 króna magntollur á hvert kíló. FA bendir á að strax í síðustu viku hafi einstakir innflytjendur óskað eftir niðurfellingu tolla. – sar

# Framlög hafi hækkað mikið

**Formaður skóla- og frístundaráðs segir skýrslu IE gott innlegg en í hana vanti að framlög til grunnskóla og viðhalds hafi hækkað mikið á síðustu árum. Formaður foreldrafélags hefur talað fyrir daufum eyrum.**

**REYKJAVÍK** „Skýrslan dregur vel fram hvar við getum gert betur í málefnum grunnskólanna en það sem skýrslan sýnir ekki er að framlög til grunnskóla borgarinnar hafa hækkað verulega undanfarin ár, eða um 46 prósent frá árinu 2013, og þau eru hæst í Reykjavík af öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Einnig hafa framlög til viðhalds skóla tvöfaldast á síðustu tveimur árum,“ segir Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar.

Í nýrri skýrslu Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar, IE, segir að skólar standi almennt framml fyrir því að nánast allir rekstrarliðir fái of knappt fjármagn. Skýrslan var ekki tekin fyrir á fundi borgarráðs í gær, heldur verður hún tekin fyrir á fundi á fimmtudag í næstu viku.

„Innri endurskoðun er með góðar ábendingar og við erum sammála mörgu sem þar kemur fram til dæmis um mikilvægi þess að nýta vinnu sérfræðinga þjónustumiðstöðvanna innan veggja grunnskólanna. Þá vantar meira fjármagn til ákveðinna liða, þá sérstaklega sérkennslu, kennslu barna af erlendum uppruna og framlög til að mæta öðrum rekstrarkostnaði en launum og húsnæði,“ segir Skúli.

Valgerður Sigurðardóttir, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í ráðinu, segir skýrsluna staðfesta málflutning Sjálfstæðismanna um að of naumt sé úthlutað til skólanna. „Þessi skýrsla er áfellisdómur yfir þeim sem stjórna skólamálum í borginni. Þeir verða að bera ábyrgð og koma með einhver svör,“ segir hún. „Það er rosalegt að ekkert sé hlustað á faglegt mat, eins og í tilviki sérkennslu þar sem einungis er úthlutað broti af því sem beðið er um.“

Valgerður er ekki sátt við að eina lausnin sé að loka skólum, eins og mælt er með í tilviki Korpuskóla. „Við eigum frekar að gefa í,“ segir hún.



Skúli Helgason segir framlög til grunnskóla og viðhalds hafa hækkað mikið undanfarin ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Þessi skýrsla er áfellisdómur yfir þeim sem stjórna skólamálum í borginni.**
>
> Valgerður Sigurðardóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins



Anna Sif Jónsdóttir, formaður foreldrafélags Breiðholtsskóla, er ánægð með skýrsluna og segir hana staðfesta það sem hún og aðrir hafi reynt að koma á framfæri borgarstjórnar í áraraðir.

„Við sem störfum í stjórnum foreldrafélaga grunnskóla í Breiðholti höfum allt frá árinu 2015 talað fyrir frekar daufum eyrum borgarfulltrúa og borgarstjórnar,“ segir Anna Sif. „Við teljum ekki rétt gefið til skólanna. Við förum í mikla greiningu á þessu árið 2015, fengum úthlutunarlíkanið og fund með borginni til að fara yfir það. Í kjölfarið, eða í febrúar 2016, sendum við áskorun til borgaryfirvalda þar sem farið var fram á að hagræðingarkrafa á grunnskólana yrði dregin til baka.“ Þörf sé á meiri sveigjanleika í úthlutun fjármuna, í núverandi kerfi sé ekki tekið mið af sérkennslu, uppruna nemenda eða öðrum þáttum. Nefnir Anna Sif sérstaklega viðhaldsþörf eldri skóla og kaup á búnaði. „Nýr skóli, með nýjar tölvur, fær jafn mikinn pening og skóli með úreltan búnað.“

Anna Sif staðfestir sögusagnir um að gardínur Seljaskóla séu frá því að skólinn var byggður á áttunda áratugnum. „Ég á myndir af þessum gardínum, það gæti þó verið að þær hafi farist í eldsvoðanum nýverið,“ segir Anna Sif. „Ég á einnig helling af vondum myndum úr Breiðholtsskóla sem ég hef oft sent á borgaryfirvöld. Foreldrafélag Breiðholtsskóla byrjaði að senda erindi um viðhalds- og endurbótaþörf í skólanum þegar Jón Gnarr var borgarstjóri.“

Ólafur Gylfason, varaformaður foreldraráðs Seljaskóla, tekur í sama streng, en Seljaskóli er einn af níu skólum sem teknir eru fyrir í skýrslu IE. „Þetta sýnir kannski hvað kosnir fulltrúar okkar hafa verið sofandi þegar kemur að því að vaka yfir velferð barnanna okkar,“ segir Ólafur. „Þeir hafa margir hverjir gert lítið úr málflutningi okkar, síðast á kosningafundi í Breiðholtsskóla fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar.“

arib@frettabladid.is

# Styrkja háskóla í Manitóba

**MENNTUN** Ríkisstjórnin hefur ákveðið að styrkja íslenskudeild Manitóbaháskóla í Kanada með því að efla tengsl deildarinnar við íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands.

Forsætisráðuneytið mun að hluta fjármagna lektorsstöðu sem komið verður á fót í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá forsætisráðuneytinu.

Markmið verkefnisins er að Háskóli Íslands ræki skyldur sínar við bókmennta- og menningarstarf íslenskra innflytjenda í Vesturheimi og afkomenda þeirra í tilefni af 75 ára afmæli lýðveldisins. – bdj




HÚSASMIÐJAN

blómaval

Skoðaðu útsölublaðið á husa.is

« 20% • 25% • 30% • 40% • 50% • 70% • 20%

# ÚTSALA

Allt að **70** prósent afsláttur



30 prósent afsláttur

GROHE

**Valin blöndunartæki**



Allt að 30 prósent afsláttur

BLACK+DECKER HiKOKI

**Rafmagnsverkfæri**



Allt að 50 prósent afsláttur

**Pottaplöntur**



25 prósent afsláttur

**Parket**



Allt að 30 prósent afsláttur

**Málning**



Haustplöntur á tilboði

**Erika/Calluna, 3 stk. að eigin vali**

**1.299kr**

~~1.797kr~~

28 prósent afsláttur



Allt að 70 prósent afsláttur

**Valdar flísar, lagersala Skútuvogi**



44 prósent afsláttur

**Hjólatjakkur**
2 tonna.
5023979

**4.995kr**

~~8.995kr~~



30 prósent afsláttur

LAUFEN

**Vegghandlaug**
Laufen Pro-N 56x42 sm. Blöndunartæki selt sér.
7920102

**3.290kr**

~~4.390kr~~



50 prósent afsláttur

claber

**Ruslavagn**
Claber.
5081642

**4.445kr**

~~8.895kr~~



40 prósent afsláttur

**Matarstell 12 stk.**
2009000

**3.390kr**

~~5.688kr~~



Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

# Breytingar í stjórn og framkvæmdastjórn HS Orku

**VIÐSKIPTI** Miklar breytingar hafa orðið á yfirstjórn HS Orku en félagið tilkynnti í gær að samkomulag hefði náðst um starfslok Ásgeirs Margeirssonar forstjóra. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun Reynir Jóhannsson, fjármálastjóri félagsins, einnig láta af störfum.

Þá hafa einnig orðið breytingar á stjórninni en heimildir blaðsins herma að Gylfi Árnason, sem nýverið var skipaður stjórnarformaður, hafi sagt sig úr stjórninni í lok síðustu viku ásamt Önnu Skúladóttur. Í stað þeirra koma Bjarni Þórður Bjarnason og Ingunn Agnes Kro og hefur Bjarni Þórður verið skipaður stjórnarformaður. Þau voru áður varamenn í stjórninni.

Ásgeir segir að starfslok hans tengist nýjum áherslum eigenda HS Orku og hafi ekkert með málefni Hvalárvirkjunar að gera. Miklar deilur hafa staðið um framkvæmdina sem VesturVerk, dótturfélag HS Orku, vinnur að.

„Nýr forstjóri mun taka við góðu búi, fram undan eru mikilvæg og umfangsmikil verkefni svo sem að ljúka framkvæmdum og gangsetja Brúarvirkjun, framkvæmdir við stækkun Reykjanesvirkjunar um 30 MW og endurnýjun og stækkun í orkuveri félagsins í Svartsengi,“ segir Ásgeir. Hann mun gegna starfinu áfram á meðan leitað er að nýjum framkvæmdastjóra.

Jarðvarmi, sem er samlagshlutafélag í eigu fjórtán lífeyrissjóða, á helmingshlut í HS Orku á móti félaginu Magma Energy Sweden. Sá hlutur er í stýringu hjá breska sjóðastýringarfélaginu Ancala Partners. **– sar**



**Virkjun HS Orku í Svartsengi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**Upptökur úr eftirlitsmyndavélum við skólann verða skoðaðar.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Líkamsárás ekki kærð

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla hefur enn ekki handtekið neinn vegna alvarlegrar líkamsárásar í Fellahverfi í fyrrakvöld. Þá réðust fjórir eða fimm menn á sautján ára dreng og börðu hann með kylfu og belti. Tekin var skýrsla af drengnum vegna málsins en hann hefur enn ekki lagt fram formlega kæru að sögn Gunnars Hilmarssonar, aðalvarðstjóra hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Árásarmennirnir eltu drenginn frá verslunarkjarnanum Fellagörðum og að Fellaskóla þar sem þeir réðust á hann. Drengurinn hlaut töluverða áverka á andliti og kvartaði einnig undan verkjum í hendi.

„Málið er í rannsókn hjá rannsóknardeildinni og lítið er hægt að segja um það að svo stöddu,“ segir Gunnar. Lögregla hyggst skoða upptökur úr eftirlitsmyndavélum við Fellaskóla til að kanna hvort árásin hafi náðst á mynd. Gunnar segir óvíst hvort gögnin muni nýtast lögreglu þar sem myndavélar við skóla vísi yfirleitt að húsunum.

Áður hefur verið greint frá því að þó nokkur vitni hafi verið að árásinni. Að sögn Gunnars hafa einhver vitni komið til skýrslutöku en ekki er víst hvort búið sé að ræða við alla sem koma að málinu. Talið er að árásarmennirnir hafi þekkt fórnarlambið. **– kdi**



**Frá umræðum miðvikudagsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Umræðu um orkuna lokið

**ALÞINGI** Umræðu á Alþingi um þrjú þingmál sem tengjast þriðja orkupakkanum lauk rétt fyrir klukkan átta í gærkvöldi.

Munu atkvæðagreiðslur um þriðja orkupakkann og tengd þingmál fara fram á mánudag. Þingfundur hefst þá klukkan 10.30. Þá verða einnig greidd atkvæði um frumvarp um breytingar á lögum um tekjuskatt og frumvarp um skattlagningu tekna af höfundarréttindum.

Á miðvikudagskvöld lauk umræðu um sjálfa þingsályktunartillöguna um þriðja orkupakkann. Stóð umræða um það mál í um 148 klukkustundir sem er met. **– sar**

# Hættir í sveitarstjórn og ætlar í skaðabótamál við bæinn

**Örlygur Hnefill Örlygsson, bæjarfulltrúi í Norðurþingi, hefur fengið lausn frá embættisskyldum sínum sem sveitarstjórnarfulltrúi. Ástæða þess er að hann ætlar sér að höfða skaðabótamál gegn sveitarfélaginu. Framkvæmdir fyrir utan gistiheimili hans árið 2018, sem tóku fimm mánuði, ollu miklum rekstrarerfiðleikum.**



**Örlygur hefur rekið Hotel Cape á Húsavík ásamt fjölskyldu sinni í mörg ár.** NORCIDPHOTOS/GETTY

**NORÐURÞING** Örlygur Hnefill Örlygsson, fyrrverandi forseti bæjarstjórnar Norðurþings, er hættur í sveitarstjórn sveitarfélagsins og hefur beðist lausnar frá setu í öllum þeim ráðum og nefndum á vegum Norðurþings sem hann situr í. Örlygur Hnefill undirbýr skaðabótamál á hendur sveitarfélaginu vegna framkvæmda sumarið 2018 sem gerðu honum erfitt fyrir við rekstur fyrirtækis hans.

Eftir sumarið í fyrra fór Örlygur Hnefill í leyfi vegna óvíðeigandi samskipta við framkvæmdaaðila á vegum sveitarfélagsins vegna framkvæmda í götunni sem gistiheimili hans stendur við. Örlygur Hnefill hefur ásamt fjölskyldu sinni rekið Hótel Cape á Húsavík í mörg ár.

„Við uppbyggingu sjóbaðanna á Húsavíkurhöfða þurfti að fara í framkvæmdir í götunni þar sem ég rek gistiheimili. Framkvæmdir sem áttu að taka tiltölulega stuttan tíma tóku hins vegar fimm mánuði þar sem allt var sundurgrafið fyrir framan gistiheimilið. Ég hef síðan

> **Framkvæmdirnar sem áttu að taka tiltölulega stuttan tíma tóku hins vegar fimm mánuði.**
>
> Örlygur Hnefill Örlygsson, fyrrverandi forseti bæjarstjórnar Norðurþings



þá þurft að berjast við það að halda fyrirtækinu gangandi og þessir drættir á lokum framkvæmda höfðu mikil áhrif á reksturinn,“ segir Örlygur Hnefill, sem setið hefur í sveitarstjórn Norðurþings frá árinu 2014.

„Ég kveð starf sveitarstjórnarfulltrúa með söknuði því þetta hefur verið afar skemmtilegur tími þar sem ég hef unnið með frábæru fólki að góðum verkefnum fyrir Norðurþing,“ bætir Örlygur Hnefill við en segist ekki hafa hugsað um það lengi hvort hann þyrfti að segja af sér sem sveitarstjórnarmaður. Miklar deilur spunnust í tengslum við framkvæmdirnar á sínum tíma og urðu að nokkru hitamáli. „Það hvarflaði ekki að mér að fara í leyfi eða eitthvað slíkt. Þegar ljóst var að við myndum fara í skaðabótamál þá er þetta hreinlegast, það er að segja af sér alfarið,“ segir hann.

Ásamt því að reka gistiheimili og sitja í sveitarstjórn Norðurþings hefur Örlygur Hnefill unnið ötullega að uppsetningu á Könnunarsögusafninu. Það safn er aðallega helgað geimferðum og æfingu bandarískra geimfara sem komu til Íslands á 7. áratugnum vegna tunglferða NASA.

**sveinn@frettabladid.is**

# Afgangur upp á tæpa átta milljarða í Reykjavík

**REYKJAVÍK** Hálfs árs uppgjör Reykjavíkurborgar sýnir fram á 7,7 milljarða afgang hjá samstæðu borgarinnar á fyrstu sex mánuðum ársins. Það er tæplega tveimur milljörðum meira en gert hafði verið ráð fyrir.

Betri rekstrarniðurstöðu má rekja til hærri tekjufærðra matsbreytinga fjárfestingaefna Félagsbústaða. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Reykjavíkurborg.

Rekstur borgarinnar skiptist í tvo hluta, A og B. Rekstrarniðurstaða A-hluta, sem telur starfsemi sem að mestum hluta er fjármögnuð með skatttekjum, var jákvæð um 1.653 milljónir sem er 655 milljónum minna en gert var ráð fyrir.



**Dagur B. Eggertsson er ánægður með niðurstöðuna.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Það skýrist einkum af lægri tekjum af sölu byggingarréttar, lægri skatttekjum og hærri gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga en áætlun gerði ráð fyrir.

Heildareignir A- og B-hluta námu samkvæmt efnahagsreikningi 673 milljörðum króna eftir fyrstu sex mánuði ársins og heildarskuldir samstæðunnar voru 343 milljarðar. Eigið fé var 330 milljarðar.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir niðurstöðuna góða, sér í lagi þegar litið er til þess að merki eru um samdrátt í hagkerfinu. „Árshlutauppgjörið gefur ágætar vísbendingar um framhaldið en við þurfum að halda vel á spöðunum áfram,“ segir Dagur borgarstjóri. **– bdj**










OPIÐ TIL 21
ÖLL KVÖLD

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is




**Mótmælendur.** NORDICPHOTOS/AFP

## Óeirðir í Papúa vegna mismununar

**INDÓNESÍA** Íbúar í Papúa, austasta og stærsta fylki Indónesíu, kveiktu í gær í skrifstofu ríkisrekna fjarskiptafyrirtækisins Telkomunikasi Indonesia og mótmæltu af krafti. Mótmælin hafa staðið yfir í á aðra viku. Krefjast mótmælendur annars vegar þess, samkvæmt Reuters, að látið sé af mismunun í garð íbúa svæðisins og hins vegar þess að Papúa-búar fái að greiða atkvæði um sjálfstæði fylkisins.

„Ýmis aðstaða hins opinbera og eignir urðu fyrir miklu tjóni vegna óeirða. Yfirvöld reyna nú að ná stjórn á svæðinu,“ sagði Dedi Prasetyo, upplýsingafulltrúi ríkislögreglustjóra.

Rafmagn var tekið af umhverfis byggingu Telkomunikasi Indonesia vegna íkveikjunnar og lögregla skaut táragasi að mótmælendum eftir að þeir kveiktu í bílum og grýttu skrifstofur og verslanir. Þá lokaði ríkisorkufyrirtækið Pertamina bensínstöðvum á svæðinu. **– þea**

## Banna íkveikjur í tvo mánuði

**BRASILÍA** Stranglega verður bannað næstu sextíu daga að kveikja elda í Amason-frumskóginum til þess að rýma fyrir ræktar- eða beitilandi. Jair Bolsonaro, forseti Brasilíu, undirritaði tilskipun þess efnis í gær en samkvæmt BBC hafa saksóknarar þar í landi rannsakað ásakanir um að eldar í skóginum hafi verið kveiktir viljandi og í trássi við lög að undanförnu.

Hins vegar eru þrjár undantekningar á hinni nýju reglu Bolsonaro-stjórnarinnar. Leyfilegt er að kveikja elda ef umhverfisyfirvöld veita samþykki vegna dauðs gróðurs og til þess að berjast gegn skógareldum. Þá verður frumbyggjasamfélögum áfram leyft að kveikja elda vegna landbúnaðarhefða sinna.

Tasso Azevedo, sem stýrir samtökunum Mapbiomas er fylgjast með eyðingu skóga, skrifaði í brasilíska dagblaðið O Globo í gær og hélt því fram að von væri á enn meiri og verri eldum. Það væri vegna þess að bændur hjyggju alla jafna niður tré löngu áður en kveikt er í þeim og meira hafi verið höggið í júlí og ágúst en í apríl, maí og júní. **– þea**

## Conte vill snúa vörn í sókn

**ÍTALÍA** Giuseppe Conte, forsætisráðherra Ítalíu, fékk í gær umboð frá forseta landsins til að mynda ríkisstjórn. Hann mun þannig leiða samstarf Fimm stjörnu hreyfingarinnar og jafnaðarmannaflokksins PD. Conte leiddi einnig síðustu ríkisstjórn, samsteypustjórn Fimm stjörnu hreyfingarinnar og Bandalagsins, en upp úr því samstarfi slitnaði þegar Bandalagið lagði fram vantrauststillögu á hendur Conte.

„Þetta er viðkvæmur tímapunktur fyrir ríkið og við þurfum að flýta okkur út úr þessari stjórnarkreppu. Þetta verður nýr tími. Tími fyrir endurreisn,“ sagði Conte við blaðamenn. **– þea**

## Forsetabuna



Skógareldar loga víðar en í Amason-frumskóginum. Samskiptaráðuneyti Bólivíu deildi þessari mynd í gær þar sem sjá má Evo Morales forseta sprauta á eld í Santa Rosa. Morales er nú í fríi frá kosningabaráttu til að berjast gegn eldunum. Eldar hafa eyðilagt 1,2 milljónir hektara af skóg- og graslendi í Bólivíu á árinu að sögn stjórnvalda. Umhverfissinnar í landinu segja tjónið þó mun meira. NORDICPHOTOS/AFP

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

# Þingmenn skora hverjir á aðra vegna ákvörðunar Johnsons

**Mikil óánægja er í Bretlandi með þingfrestunarákvörðun forsætisráðherra. Verkamannaflokkurinn opinn fyrir vantrausti en háttsettur Íhaldsmaður bíður spenntur eftir atkvæðagreiðslu um slíkt. Andstaðan mun reyna að banna samningslausa útgöngu.**




**Evrópusinnar mótmæltu útgöngunni fyrir utan þinghúsið í gær. Líkt og svo oft áður.** NORDICPHOTOS/AFP

**BRETLAND** Áfram hélt umræðan í gær um þá ákvörðun Boris Johnson forsætisráðherra að fresta þingfundum. Drottning féllst á bón Johnsons á miðvikudag sem þýðir í raun að þingfundum verður frestað í annarri viku septembermánaðar og öll óafgreidd frumvörp fara aftur á byrjunarreit. Þar með er tíminn orðinn naumur fyrir þingmenn að festa í lög að samningslaus útganga úr ESB sé ekki í boði.

Breskir stjórnmálamenn voru ýmist hrifnir eða reiðir vegna ákvörðunarinnar og sögðu andstæðingar ríkisstjórnarinnar á miðvikudag að Johnson hagaði sér einfaldlega eins og einræðisherra í málinu. Hann væri að ganga framhjá þinginu og hundsa þá staðreynd að í Bretlandi væri þingræði. Þessu var Johnson ekki sammála.

Nætursvefninn gerði lítið til þess að lægja öldurnar. Jacob Rees-Mogg, harður Brexit-sinni sem stýrir því hvenær stjórnarfrumvörp eru lögð fram, reið á vaðið og skoraði á stjórnarandstæðinga að láta kné fylgja kviði eftir umræðu þeirra um vantraust á Johnson-stjórnina. „Þetta fólk sem er allt að væla og gnísta tönnum veit það fullvel að það hefur tvo kosti í stöðunni.

Annar er að skipta um ríkisstjórn og hinn að breyta lögunum,“ sagði Rees-Mogg og bætti við:

„Ef þið hafið hvorki hugrekkið né þorið til þess að gera annað hvort munum við ganga út þann 31. október í samræmi við niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar.“

John McDonnell úr Verkamannaflokki tók áskoruninni ekki þegjandi. Sagði flokkinn opinn fyrir því að leggja fram vantrauststillögu sem og fyrir nýjum kosningum. „Ég vil hafa það algjörlega á hreinu, og þetta eru persónuleg skilaboð til Boris Johnson, láttu vaða.“

Verkamannaflokksmaðurinn var ekki sá eini sem ræddi um nýjar kosningar í gær. Ken Clarke, samflokksmaður Johnsons sem er þó alls ekki hrifinn af leiðtoganum, sagði það deginum ljósara að það væri einmitt markmið forsætisráðherrans. „Hann hefur ákveðið að hann vilji kosningar sem snúast um Breta gegn útlendingum, um Breta gegn þinginu, og hann blaðrar um að gera ríkið hið besta í heiminum, föðurlandsást og Trump-lega hluti.“

Barry Gardiner, viðskiptamálatalsmaður Verkamannaflokksins, sagði í gær að á mánudag myndi þingið reyna að fara af stað með umræður um að banna samningslausa útgöngu. Þótt naumur meirihluti sé gegn slíkri útgöngu á þingi þykir óljóst hvort andstæðingar Johnsons innan Íhaldsflokksins myndu fella ríkisstjórnina.

Skoskur dómstóll hlýddi í gær á málflutning í máli sem 75 þingmenn hafa höfðað til að fá úr því skorið hvort þingfrestunin sé lögleg.

**thorgnyr@frettabladid.is**

### Evrópusinni hættur

Ruth Davidson tilkynnti í gær að hún væri hætt sem leiðtogi Íhaldsflokksins á Skotlandi. Hún gæti ekki lengur reynt að halda jafnvægi á fjölskyldulífinu og stjórnmálaþátttöku sinni eftir að hún hefði gert allt sem í valdi hennar stæði til þess að takmarka áhættuna sem fylgir Brexit.

Skotinn, sem barðist gegn Brexit á sínum tíma, hvatti þingmenn til að reyna að ná samkomulagi við Evrópusambandið um útgöngu í stað þess að ganga samningslaus út. Undir hennar stjórn náðu Íhaldsmenn góðum árangri í Skotlandi.



**Malasísk börn veifa þjóðfána landsins á æfingu fyrir þjóðhátíðardaginn sem haldinn verður hátíðlegur á morgun, 31. ágúst. Malasía fékk sjálfstæði frá bresku nýlendustjórninni árið 1957.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




**Sænski loftslagsaðgerðasinninn Greta Tunberg kom til Bandaríkjanna á miðvikudaginn eftir fimmtán daga siglingu á Malizia II. Greta, sem er einungis sextán ára, hafði siglt á snekkjunni þvert yfir Atlantshafið.** FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**Tónlistarmennirnir Sepp, Anderl og Martin skála í bjór í München í Þýskalandi og hita þannig upp fyrir Októberfest. Hátíðin, sem hefst þann 21. september og stendur til 6. október, er stærsta bjórhátíð heims og hana sækja þúsundir manna sem koma frá öllum heimshornum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**Gestir á götuhátíð í Seoul, höfuðborg Suður-Kóreu, hjálpast að við að matreiða réttinn Bibimbap í gærdag. Rétturinn er hefðbundinn í kóreskri matargerð og inniheldur grænmeti, nautakjöt, hrísgrjón og sterkan pipar.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**Fornleifafræðingar fundu 3,8 milljóna ára gamla höfuðkúpu í Eþíópíu. Höfuðkúpan er einstaklega vel varðveitt og gæti fundurinn gefið nýjar vísbendingar um uppruna mannsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**Bernhard - Honda á Íslandi** • Vatnagörðum 24 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.honda.is

**Umboðsaðilar:** Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

# FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

## Tilgangsleysi



**Hörður Ægisson**
hordur@frettabladid.is

Til hvers er rifist? Sú umræða sem nú fer fram á Alþingi um þriðja orkupakkann, sem er eins tilgangslaus og hugsast getur, hefði aldrei átt að verða. Ríkisstjórnin átti síðasta vor að leiða orkupakkann í lög, enda nýtur hann stuðnings mikils meirihluta þingmanna, og snúa sér að öðrum mikilvægari málum. Þess í stað var ákveðið, undir forystu forsætisráðherra, að gefa eftir og fresta málinu fram á haust. Sú ákvörðun var fráleit. Þeim sundurlausa hópi sem hefur séð tækifæri í að gera orkupakkann að pólitísku bitbeini var eftirlátið dagskrárvaldið með fyrirsjáanlegum afleiðingum. Fyrir formann Vinstri grænna var tilgangurinn, að minnsta kosti út frá flokkspólitískum hagsmunum, mjög augljós – að veikja Sjálfstæðisflokkinn með því að leyfa málinu að dragast enn frekar á langinn. Það hefur tekist. Óskiljanlegt er af hverju forysta Sjálfstæðisflokksins lét þetta yfir sig ganga.

Óþarfi er að fjölyrða mikið um innihald orkupakkans. Hann snýst öðrum þræði, rétt eins og fyrri orkulöggjöf ESB sem var fyrst innleidd í íslenskan rétt fyrir um sextán árum, um aukna neytendavernd og virkari samkeppni. Helstu nýmælin lúta að því að Orkustofnun mun verða sjálfstæð stjórnsýslustofnun. Það er jákvætt skref. Orkupakkinn breytir engu um þá staðreynd, sem vart þarf að taka fram, að Ísland mun eftir sem áður ekki tilheyra innri markaði Evrópu með sölu á raforku. Það breytist aðeins með lagningu sæstrengs sem mun þarfnast samþykkis Alþingis. Slíkur strengur til Bretlands gæti skilað miklum þjóðhagslegum ábata fyrir Íslendinga en á allra síðustu árum hefur dregið nokkur úr líkum á því að ráðist verði í þess konar framkvæmd í náinni framtíð.

Tíma Alþingis hefur ekki verið vel varið. Í stað umræðu um þriðja orkupakkann færi betur á því að stjórnmálamenn ræddu stefnumótun í orkumálum. Íslendingar eru í einstakri stöðu. Við eigum fyrirtæki í almenningseigu, Landsvirkjun, sem er að selja eina eftirsóttustu vöru í heiminum um þessar mundir – örugga afhendingu á endurnýjanlegri orku. Verðmæti hennar mun aðeins aukast á komandi árum og miklu máli skiptir að það takist að hámarka arð okkar af þeirri auðlind. Íslendingar eru nettó útflytjendur á orku og því höfum við ríka hagsmuni af því að fá sem hæst verð fyrir raforkuna. Rökin eru efnislega þau hin sömu og eiga við um hækkun sjávarafurðaverðs fyrir sjávarútvegsþjóð. Tenging við stærri raforkumarkað, sem yrði að veruleika með lagningu sæstrengs, myndi einnig bæta nýtingu á orkunni, auka orkuöryggi og styrkja samningsstöðu Landsvirkjunar gagnvart erlendum stóriðjufyrirtækjum.

Víglínan hefur skýrst að undanförnu. Á milli þeirra sem sjá þau miklu tækifæri sem við stöndum frammi fyrir í orkumálum, sem gætu aukið stórkostlega gjaldeyristekjur þjóðarbúsins, og hinna sem vilja beita orkufyrirtækjunum í þágu atvinnuskköpunar. Þeir hinir sömu og andmæla aukinni samkeppni á orkumarkaði, meðal annars sumir forystumenn ASÍ, hafa kosið að gerast hagsmunaverðir alþjóðlegra stórfyrirtækja út af áhyggjum um að þau séu að greiða of hátt raforkuverð til íslenskra skattgreiðenda. Sá málflutningur hefur verið þeim til minnkunar. Vonandi mun umræðan færast á hærra plan eftir að þriðji orkupakkinn verður leiddur í lög. Líkurnar á því eru samt litlar.

> **Þeim sundurlausa hópi sem hefur séð tækifæri í að gera orkupakkann að pólitísku bitbeini var eftirlátið dagskrárvaldið með fyrirsjáanlegum afleiðingum.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Falsfréttadella**
**Það er magnað hvað falsfréttir lifa enn góðu lífi innan furðulegra jaðarhópa. Í gærkvöldi skapaðist uppnám í baráttuhópi Orkunnar okkar og fleiri sambærilegum hópum á Fésbók þegar álpappírshattaföndrarar tóku upp á því að deila dellu frá þeim merka vefmiðli Fréttatímanum. Var fyrirsögn á þann veg að utanríkisráðherra væri að fá 625 milljónir króna í skiptum fyrir að innleiða orkupakkann. Nákvæmlega sama uppnám vegna sömu samsæriskenningar varð í vor, stigu þá bæði ráðherra og forsvarsmenn Orkunnar okkar fram til að hrekja þetta. Sem betur fer munu þessir einstaklingar finna sér annað til að velta sér upp úr í næstu viku.**

**Lögleg afsökun**
**Sporin hræða ekki Samfylkingarkarlana sem notuðu tækifærið í gær í fjarveru Samfylkingarkvenna til að snæða hjá Texas-Magga. Munu þeir hafa hámað í sig lambakjöt. Verður þá komin skýring ef þeir verða fjarverandi á þingfundum í dag og mánudaginn þegar þriðji orkupakkinn verður efsta mál á dagskrá. Nema Samfylkingarkarlarnir hafi viljandi verið að skapa sér löglega afsökun til að sleppa.**
**arib@frettabladid.is**

## Betri raforkumarkaður



**Bryndís Haraldsdóttir**
þingmaður Sjálfstæðisflokksins

Frá gildistöku EES-samningsins árið 1994 hafa átt sér stað gríðarlegar breytingar og framfarir í orkumálum hér á landi. Frá fyrsta degi samningsins hafa viðskipti með orku verið hluti hans, og er orka skilgreind sem hver önnur vara og fellur því undir frjálsa vöruflutninga.

Árið 2003 voru gerðar viðamiklar breytingar á íslenskum raforkulögum, með innleiðingu fyrsta orkupakkans í tíð ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks undir forsæti Davíðs Oddssonar. Um leið og ný lög tóku gildi tók uppbygging raforkumarkaðar á Íslandi mið af reglum EES-svæðisins, og um leið innri markaðar Evrópusambandsins, og hefur gert allar götur síðan. Ákvörðun var tekin um að vinnsla og sala raforku yrði í markaðskerfi, á samkeppnisgrundvelli – sem er í anda sjálfstæðisstefnunnar. Reglur voru settar um starfsemi orkufyrirtækja samhliða, í því skyni að stuðla að aukinni samkeppni og koma neytendum til bóta.

Fimm árum síðar fylgdi annar orkupakkinn á eftir, og var þar gengið enn lengra í að skilja að dreifiveitur og sölufyrirtæki. Stjórnvöld nýttu ekki heimildir sem voru til staðar fyrir undanþágu frá reglunum sökum smæðar íslenska markaðarins, enda voru reglurnar settar í þágu neytenda. Annar orkupakkinn fólst í aðskilnaði dreifiveitna frá framleiðslu og sölu raforku, banni við niðurgreiðslum til sérleyfisstarfsemi, auknu eftirliti á raforkumarkaði og fleiru. Nú er komið að þeim þriðja, sem enn byggir á hugmyndinni um raforkumarkað þar sem neytendur hafa valfrelsi. Að baki þriðja orkupakkanum búa sjónarmið um hvata til hagræðingar innan raforkugeirans, að raforkukaupendum sé tryggt samkeppnishæft raforkuverð, betri þjónusta og stöðugri og öruggari afhending rafmagns. Þá er í þriðja orkupakkanum einnig að finna ákvæði um neytendavernd með það að markmiði að bæta og samþætta samkeppnishæfa raforkumarkaði innan EES.

Öflugur raforkumarkaður er mikilvægur íslenskum heimilum og er þriðja orkupakkanum ætlað að styðja enn frekar við þá góðu vegferð sem við erum á. Andstæðingar þriðja orkupakkans hafa ekki rökstutt heimsendaspár sínar um glötuð yfirráð yfir íslenskum auðlindum enda eiga spádómarnir ekki við rök að styðjast.

> **Öflugur raforkumarkaður er mikilvægur íslenskum heimilum og er þriðja orkupakkanum ætlað að styðja enn frekar við þá góðu vegferð sem við erum á.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FRAMKVÆMDASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Skortur á stjórnvisku í Lala-landi

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Nokkur undanfarin ár hafa áhyggjurnar byrjað á vorin og þær ágerst yfir sumarið en náð hámarki að hausti. Sagan hefur svo verið sú sama. Veturinn hefur byrjað betur en á horfðist en svo hefur syrt í álinn og fljótlega upp áramótum er orðið ljóst í hvað stefnir. Í febrúar og mars vita aðdáendur Los Angeles Lakers að öll von er úti og allt var unnið fyrir gýg.

Nú hefur hinu sögufræga liði mislukkast að komast í úrslitakeppni NBA-deildarinnar sex ár í röð. Síðast féll liðið snautlega úr keppni gegn San Antonio árið 2013. Síðan þá hafa aðdáendur eins sigursælasta íþróttaliðs heims ekki getað stært sig af neinu öðru en sívaxandi auðmýkt. Lakers hafði nefnilega einungis fimm sinnum áður mistekist að komast í úrslitakeppni NBA-deildarinnar frá stofnun hennar árið 1949. Það er mikill og hraður viðsnúningur á stríðsgæfu eins íþróttaliðs.

**Allt verður að ógæfu**

Síðasta haust virtist allt vera á réttri leið. Lebron James, sem gæti átt gott tilkall til að kallast besti körfuknattleiksmaður sögunnar, gekk til liðs við Lakers og var félaginu umsvifalaust spáð miklum viðsnúningi. En í fyrsta sinn á ferli sínum mátti Lebron sætta sig við að sitja heima þegar úrslitakepppnin fór fram.

Meiðsl og óheppni settu strik í reikninginn hjá Lakers á síðasta ári, en kvíðavænlegri merki um óstjórn var hins vegar að finna á skrifstofum félagsins þar sem allt virðist loga í illdeilum. Þeir sem fylgst hafa með hinu sögufræga liði eru fljótir að benda á að fjölskylduerjur í eigendahópi liðsins hafi grafið mjög undan rekstri og ákvarðanatöku. Magic Johnson, sem hafði verið kallaður til að koma böndum á innbyrðisdeilur í eigendahópnum, sagði starfi sínu lausu þegar þolinmæði hans brast gagnvart pólitískum bakstungum, illmælgi og ofláturshætti í hópi eigenda og stjórnenda. Óhamingju Englaborgarinnar verður allt að vopni. Meira að segja maðurinn sem best allra kunni að láta aðra njóta sín réð ekki við hið rotna umhverfi á skrifstofum liðsins.

**Of stór egó**

En fleira kemur til. Í vikunni bárust fréttir af því að enn á ný væru tveir fyrrverandi stórstjörnur Lakers komnar í hár saman þótt báðir séu orðnir sköllóttir og meira en fimmtán ár síðan þeir léku síðast saman. Kobe Bryant og Shaquille O'Neal mynduðu í upphafi aldarinnar hryggjarstykkið í óárennilegu liði Lakers. Þeir unnu saman þrjá meistaratitla í röð og fátt virtist líklegt til að koma í veg fyrir að þeir gætu haldið áfram að færa aðdáendum Lakers sigur- og sælustundir á færibandi næsta áratuginn. Rétt eins og Magic Johnson og Kareem Abdul-Jabbar gerðu Lakers að stórveldi 9. áratugarins áttu Shaq og Kobe að ríkja saman sem ósigrandi tvíeyki.

En það kom í ljós að mikill munur var á kynslóðunum tveimur. Á meðan Magic og Jabbar voru stórstjörnur vegna þess hvað þeir gerðu fyrir liðið og liðsfélagana, þá voru Shaq og einkum Kobe aldir upp í þeim hugsunarhætti að meðspilararnir væru eins og aukaleikarar í bíómynd, og allt ætti að snúast um stjörnurnar. Slíkur hugsunarháttur hefur löngum þótt óboðlegur í hópíþróttum en komst í tísku þegar persónudýrkunin í kringum Michael Jordan fór úr böndunum á tíunda áratugnum.

**Meiðsl og óheppni settu strik í reikninginn hjá Lakers á síðasta ári, en kvíðvænlegri merki um óstjórn var hins vegar að finna á skrifstofum félagsins þar sem allt virðist loga í illdeilum.**

**Allir fyrir einn en ekki einn fyrir alla**

Ýmsir kostir eru við stór egó og botnlaust sjálfstraust í íþróttum. En þessir kostir eiga eingöngu við þegar þeir eru nýttir í þágu árangurs liðsheildarinnar. Ef íþróttamenn byrja að ruglast á sjálfum sér og hlutverki sínu þá líður ekki á löngu fyrr en þeir fara að verða skaðlegir öðrum liðsfélögum, árangri liðsins og að lokum sjálfum sér. Það var einmitt þetta sem gerðist hjá þeim Kobe og Shaq. Þeir gátu ekki komist að niðurstöðu um það hvor þeirra ætti að vera „aðal"—og báðir gengu þeir út frá þeirri kolröngu forsendu að það væri bráðnauðsynlegt að það væri „bara einn aðal". Á endanum þrifust þeir ekki undir sama þaki og stjórnendur Lakers ákváðu að senda Shaquille frá liðinu til þess að rýma fyrir hinu útblásna egói hins yngri manns.

Yfirburðahæfileikar Kobe Bryant, og snjallar ráðningar á leikmönnum og þjálfurum, gerðu Lakers kleift að vinna tvo titla í viðbót áður en núverandi þurrkatíð hófst. En þegar líkamleg geta Bryants fór dvínandi má segja að örlög alls liðsins hafi verið kirfilega bundin við fallandi stjörnu. Þótt öllum væri ljóst að getu stórstjörnunnar færi hratt hnignandi þá hélt allt áfram að snúast um að nudda egó hetjunnar. Meira að segja þegar tölfræðigreiningar sýndu fram á að Kobe væri orðinn einn lélegasti leikmaður deildarinnar voru örlög liðsins áfram bundin honum—og honum einum.

Aðrir leikmenn fengu ekki að þroskast eða reyna sig almennilega, því allt liðið snérist áfram um það að gera stórstjörnunni geðstirðu til geðs. Hræðilegur árangur Lakers um þessar mundir má því rekja beint til þeirrar skekkju í hugarfari sem fékk að ráða í lok hins magnaða leikmannsferils Kobe Bryant.

**Vitjunartíminn**

Sögurnar af því þegar afreks- og valdafólk þekkir ekki vitjunartíma sinn eru vel þekkt minni. Rómverjarnir til forna höfðu vit á því að setja í lög að þeir sem tímabundið tóku sér alræðisvald á hættutímum þyrftu að yfirgefa borgina í tíu ár að valdatíma þeirra loknum svo þeir freistuðust ekki til að viðhalda völdum sínum. Þar höfðu Rómverjarnir fyrirmynd í hinum dyggðuga Cincinnatusi sem kallaður var til valda á hættutímum en snéri umsvifalaust og óumbeðið aftur til bóndabæjar síns eftir að hlutverki hans lauk.

Bandarísku landsfeðurnir þekktu þessa sögu vel; og þótt enginn hefði getað komið í veg fyrir ævilanga þaulsetu George Washington á forsetastóli þá ákvað hann sjálfviljugur að láta af embætti og stjórnmálaafskiptum eftir tvö kjörtímabil; og hélst sú venja og þótti heilög þar til Franklin Roosevelt lét kjósa sig fjórum sinnum. Síðar var samþykkt að takmarka embættistíð Bandaríkjaforseta við tvö kjörtímabil.

**Betri tíð**

Alls staðar togast á í einstaklingum eigin þrár og hagsmunir stærri heildar. Kobe Bryant er auðvitað enginn Cincinnatus eða George Washington, og í heimi íþróttanna þurfa þjálfarar og stjórnendur liða að sjá til þess að liðið sjálft sé ætíð haft í æðra öndvegi heldur en dýrðarfýsn hnignandi stjarna. Í stjórnmálum má hins vegar gera ráð fyrir að góðir menn geti haft vit fyrir sjálfum sér, þekki vítin sem varast þarf og stilli sig um að setja eigin þarfir um völd og aðdáun ofar hagsmunum þeirra sem tekið hafa við keflinu. Á þessu munu þó vera misbrestir.

En, eins og allir sjá, þá er þetta pistill um körfubolta en ekki stjórnmál. Samt er ekki annað hægt en að velta fyrir sér hversu heimur Lakersaðdáenda væri betri ef Kobe Bryant hefði haft aðeins meiri stjórnvisku. En öll él birtir upp um síðir; og nú má leyfa sér að vona að Lebron James og Anthony Davis þrífist betur saman en Kobe og Shaq gerðu á sínum tíma.

# Afbökun á sögu seinni heimsstyrjaldarinnar á ekki að viðgangast



Anton Vasiliev
sérlegur sendiherra Rússneska sambandsríkisins

**Í þágu léttvægra pólitískra stundarhagsmuna reyna menn að notfæra sér minningu hinna föllnu.**

Í júlí síðastliðnum lést María Mitrofanova, eina rússneska konan búsett á Íslandi sem hafði gegnt herþjónustu í Föðurlandsstríðinu mikla (seinni heimsstyrjöldinni). Lífshlaupi hennar og hetjudáð er lýst í bók Jökuls Gíslasonar, Föðurlandsstríðið mikla og María Mitrofanova. Þeir sem upplifðu hinar þungbæru hörmungar stríðsins eru óðum að týna tölunni. Sem fyrr leiðir það hugann að mikilvægi þess að varðveita minninguna um stríðsárin og arfleifð feðra okkar og afa sem tókst að eyða „brúnu pestinni" í harðvítugri viðureign, með ofurmannlegu átaki og gríðarmiklum fórnarkostnaði. Þannig stóðu þeir vörð um rétt mannkyns til þess að lifa á þessari jörð.

Nú á dögum er hins vegar svo komið að við þurfum æ oftar að horfa upp á örvæntingarfullar tilraunir til að afbaka niðurstöður seinni heimsstyrjaldarinnar og gengisfella framlag bandalagsins gegn Hitler – einkum hlut Sovétríkjanna – til hins frækna sigurs. Í þágu léttvægra pólitískra stundarhagsmuna reyna menn að notfæra sér minningu hinna föllnu. Í von um skjótan en vafasaman ávinning hefja þeir oft upp til skýjanna hinar mannfjandsamlegu fyrirætlanir hugmyndafræðinga „nýja heimsskipulagsins" sem óðu yfir borgir og sveitir Sovétríkjanna og annarra Evrópulanda og skildu eftir sig blóðuga slóð. Ekki er nóg með að aldraðir eftirlifandi liðsmenn SS-sveitanna skjögri eftir götum „lýðræðislegra" höfuðborga og láti klingja í heiðursmerkjum sem þeir fengu fyrir dráp á vopnlausum almenningi, því að nú skekja ungir sporgöngumenn gömlu nasistanna borgir Evrópu með slagorðum og kveðjum að þeirra hætti. Bíræfnar skrúðgöngur þeirra, minnisvarðar um liðsmenn SS-sveitanna og þess háttar vanvirða saurgar minningu hinna óteljandi fórnarlamba nasismans og kyndir undir kynþáttahyggju, útlendingahatri og kynþáttamismunun í hinum ýmsu nútímamyndum. Þá er hætt við fjölgun nýnasistahreyfinga og annarra öfgahreyfinga.

Við getum ekki verið og megum ekki vera skeytingarlaus gagnvart þessum tilraunum til að láta samtíðarfólk okkar og komandi kynslóðir líta niðurstöður seinni heimsstyrjaldarinnar frá sama sjónarhóli og þeir sem hetjuvæða nasismann og láta innrásarheri hans líta út sem baráttumenn sem hafi „frelsað Evrópu" undan kommúnisma. Raunverulegt eðli nasista er vel þekkt og staðfest í málsskjölum Nürnbergréttarhaldanna, það birtist okkur í hundruðum borga sem stóðu eftir sem rústir einar og í milljónum tapaðra mannslífa. Ríki sem búa við fullþroskað lýðræði og er stjórnað af skynsemi ættu að láta raunverulega samstöðu sína koma fram með samstilltu átaki til að sporna við slíkum tilburðum en ekki með því að draga yfir þá fjöður eða látast ekki vita af tilvist þeirra.

Fáið mat á verðmætin ykkar

Hittið sérfræðinga Bruun Rasmussen

Verið velkomin í Norræna húsið, Sæmundargötu 11, 101 Reykjavík

Þriðjudaginn 3. september kl. 15 - 18

Þar munu reynslumiklir sérfræðingar okkar meta listaverk af öllu tagi, með sérstakri áherslu á nútímalist, „design", fornmuni, silfurmuni, skartgripi, armbandsúr, mynt og frímerki.

Matið er án endurgjalds og án skuldbindinga – með hugsanlega sölu á uppboði í huga.

*Dagana 2. - 4. september er boðið upp á heimsóknir í heimahús, eftir því sem tími leyfir.*

Nánari upplýsingar veita
Peter Beck +45 8818 1186 / pb@bruun-rasmussen.dk



*PH-4/3: Hár borðlampi. Hamarshögg: 2.200.000 ISK*



Hamarshögg: 1.000.000 ISK



Hamarshögg: 10.000.000 ISK



Hamarshögg: 2.750.000 ISK



Hamarshögg: 4.850.000 ISK



Hamarshögg: 3.650.000 ISK

BRUUN RASMUSSEN
KUNSTAUKTIONER

Sundkrogsgade 30
2150 Nordhavn, Kbh.
Tel +45 8818 1111

Søren Frichs Vej 34 D
8230 Åbyhøj, Aarhus
Tel +45 8818 1100

Sjá nánar á
bruun-rasmussen.dk

# Afgreiddu Ungverja í seinni hálfleik

**Eftir kaflaskiptan fyrri hálfleik tókst Íslandi að sigla skyldusigri heim gegn Ungverjalandi í undankeppni EM í gær. Fyrsta ógn Ungverja að marki Íslands skilaði marki en það kom ekki að sök í 4-1 sigri Íslands.**



Dagný Brynjarsdóttir var öflug inni á miðjunni í gær. Hún var síógnandi með hlaupum sínum og gerði út um leikinn með þriðja marki Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið hóf undankeppni Evrópumótsins 2021 á 4-1 sigri á Ungverjalandi í gær þar sem Ísland gekk á lagið í seinni hálfleik. Íslenska liðið er betra en það ungverska en gestirnir náðu að trufla íslenska liðið á löngum köflum og svæfa sóknarlotur Íslands. Þegar Ísland komst aftur yfir í seinni hálfleik sást gæðamunurinn á liðunum og Stelpurnar okkar gengu frá andstæðingum sínum í verðskulduðum sigri. Margt jákvætt var í spilamennskunni en einnig margt sem má bæta fyrir leikinn gegn Slóvakíu á mánudaginn.

Þetta var fyrsti keppnisleikur liðsins undir stjórn Jóns Þórs Haukssonar og tefldi hann fram sterku en ungu liði. Sandra Sigurðardóttir varð fyrir valinu í markið og byrjaði Dagný Brynjarsdóttir sinn fyrsta keppnisleik fyrir Ísland í tvö ár á miðjunni.

Ísland byrjaði leikinn af krafti og sótti ákaft í leit að fyrsta marki leiksins. Uppleggið að leita á svæðið á bak við bakverði ungverska liðsins gekk vel og komst Ísland oft í álitlegar stöður gegn bakvörðum Ungverja sem réðu illa við Öglu Maríu Albertsdóttur og Hlín Eiríksdóttur á köntunum.

Elín Metta Jensen sem byrjaði í fremstu víglínu virtist hafa komið Íslandi yfir á sjöttu mínútu en markið var dæmt af stuttu síðar. Sara Björk Gunnarsdóttir var ranglega dæmd rangstæð í aðdraganda marksins.

Það sló Elínu Mettu ekki út af laginu því nokkrum mínútum síðar var hún búin að koma boltanum aftur í netið og nú eftir glæsilegt einstaklingsframtak. Elín Metta fékk sendingu inn á teiginn frá Hallberu Guðnýju Gísladóttur, lagði boltann fyrir sig og kláraði færið vel.

Enginn skortur á sjálfstrausti hjá markahæsta leikmanni Pepsi Max-deildar kvenna þrátt fyrir að mark hefði verið dæmt af henni stuttu áður.

Ísland hélt áfram að stýra leiknum og komst Ungverjaland ekki í átt að vítateig Íslands fyrsta þriðjung fyrri hálfleiks en þegar leið á hálfleikinn komust gestirnir betur inn í leikinn.

Lítil ógn var í sókn Ungverja þar til rétt fyrir lok fyrri hálfleiks þegar Henrietta Csizár fékk sendingu inn fyrir vörn Íslands, lék á Söndru og jafnaði metin. Var þetta í fyrsta sinn sem Ungverjar ógnuðu marki Íslands í leiknum eftir að íslenska liðið hætti að stýra leiknum.

Íslenska liðið náði stjórn á leiknum á ný í upphafi seinni hálfleiks og komst verðskuldað yfir á ný fljótlega eftir góða sókn og var það Elín Metta sem var arkitektinn að markinu, Agla María átti fyrirgjöf inn á Elínu í vítateig Ungverja og Elín fann liðsfélaga sinn úr Val, Hlín Eiríksdóttur, á fjærstöng sem kláraði færið vel í tíunda landsleik sínum.

Það reyndist síðasta aðgerð Hlínar og Öglu því þær komu af velli undir eins og inn komu Svava Rós Guðmundsdóttir og Fanndís Friðriksdóttir sem létu til sín taka. Íslenska liðið fór að herja á bakverði ungverska liðsins á ný og átti Svava stóran þátt í seinni tveimur mörkum íslenska liðsins.

Markvörður Ungverja náði ekki að halda skoti Svövu um miðbik seinni hálfleiks og var Dagný fljót að átta sig á aðstæðum og koma boltanum í netið. Með því var björninn unninn og aðeins spursmál hversu stór sigurinn yrði.

Í uppbótartíma kórónaði Elín Metta góðan leik sinn með öðru marki sínu og fjórða marki Íslands. Aftur var Svava Rós að hrella bakvörð Ungverja og fyrirgjöf hennar rataði fyrir fætur Elínar sem skoraði af stuttu færi og innsiglaði verðskuldaðan íslenskan sigur.

**kristinnpall@frettabladid.is**

**Undankeppni EM '21**

| Ísland | 4 - 1 | Ungv.land |
|---|---|---|

**1-0** Elín Metta Jensen (10.), **1-1** Henrietta Csiszár (42.), 2-1 Hlín Eiríksdóttir (59.) 3-1 Dagný Brynjarsdóttir (65.), 4-1 Elín Metta (92.).

**Byrjunarlið Íslands (4-3-3):** Sandra Sigurðardóttir; Ingibjörg Sigurðardóttir, Glódís Perla Viggósdóttir, Sif Atladóttir, Hallbera Gísladóttir; Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir (73. Margrét Lára Viðarsdóttir), Sara Björk Gunnarsdóttir, Dagný Brynjarsdóttir; Hlín Eiríksdóttir (60. Svava Rós Guðmundsdóttir), Agla María Albertsdóttir (60. Fanndís Friðriksdóttir), Elín Metta Jensen.

**Í sex viðureignum Íslands og Ungverjalands hefur Ísland unnið þrjár þeirra 4-1.**

# Margir óvissuþættir fyrir þjálfarateymi landsliðsins

**FÓTBOLTI** Þjálfarateymi íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu, Erik Hamrén og Freyr Alexandersson, tilkynna í dag hvaða 23 leikmenn verða í leikmannahópi Íslands fyrir leikina gegn Albaníu og Moldóvu í undankeppni EM 2020. Það er allt í járnum á toppi H-riðils þegar fjórar umferðir af tíu eru búnar, Ísland, Frakkland og Tyrkland eru jöfn með níu stig hvert þar sem efstu tvö liðin komast í lokakeppni EM sem fer fram næsta sumar og má því Ísland ekki við því að misstíga sig.

Líkt og hefur einkennt liðið þetta eina ár sem er liðið síðan Hamrén tók við keflinu af Heimi Hallgrímssyni eru mörg spurningarmerki þegar kemur að því að velja hópinn. Bæði eru leikmenn að glíma við meiðsli, aðrir fá lítið af mínútum hjá félagsliði sínu og nú eru tveir af burðarásum liðsins á miðjunni undanfarinn áratug án félags og því ekki í almennilegri leikæfingu.

Birkir Bjarnason var leystur undan samningi hjá Aston Villa á dögunum og á enn eftir að finna sér nýtt félag. Birkir, sem hefur leikið 78 leiki fyrir landsliðið, tók þátt í undirbúningstímabili Aston Villa og ætti að vera í fínu standi.

Emil Hallfreðsson hefur verið að æfa upp á eigin spýtur á Íslandi á meðan hann hefur verið að finna sér nýtt lið eftir að hafa leikið með Frosinone og Udinese á Ítalíu í fyrra.

Óvíst er hvort Alfreð Finnbogason og Arnór Sigurðsson geti gefið kost á sér eftir að hafa verið að glíma við meiðsli undanfarnar vikur. Arnór fór meiddur af velli í leik CSKA fyrr í mánuðinum og Alfreð er nýfarinn af stað á ný með Augsburg eftir langa baráttu við meiðsli í kálfa.


Spilamennska Íslands hefur stórbatnað í síðustu leikjum undir stjórn Eriks Hamrén eftir dapra byrjun í Þjóðadeildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Jákvæðari fréttir bárust af Jóhanni Berg Guðmundssyni í vikunni, knattspyrnustjóri Jóhanns hjá Burnley, Sean Dyche, sagði að meiðslin á kálfa sem Jóhann varð fyrir um síðustu helgi væru ekki alvarleg.

Meira áhyggjuefni er að nokkrir leikmenn liðsins hafa þurft að verma varamannabekkinn í fyrstu leikjum tímabilsins. Jón Daði Böðvarsson minnti á sig í bikarleik með Millwall í vikunni eftir að hafa vermt varamannabekkinn í fyrstu deildarleikjum tímabilsins.

Þá hafa Albert Guðmundsson og Sverrir Ingi Ingason ekki verið að fá margar mínútur með félagsliðum sínum í upphafi tímabilsins. **– kpt**




# Seint kom sigurinn þó

Íslenska kvennalandsliðið vann 4-1 sigur á Ungverjalandi í undankeppni EM í dag. Íslenska liðið gekk á lagið í seinni hálfleik eftir kaflaskiptan fyrri hálfleik. Ernir Eyjólfsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, smellti af þessum myndum á leiknum.








# Sánchez reyndist kötturinn í sekknum

**Sílemaðurinn snaggarlegi Alexis Sánchez kvaddi Manhester United, tímabundið hið minnsta, þegar hann fór til Inter Milan á láni. Sánchez lék með Manchester United í eitt og hálft ár en dvöl hans þar olli miklum vonbrigðum og hvert mark hans kostaði skildinginn.**

**FÓTBOLTI** Alexis Sánchez var kynntur til leiks hjá Manchester United í janúar árið 2018 með eftirminnilegu myndskeiði þar sem hann sést spila á píanó áður en hann er boðinn velkominn til félagsins. Nú, einu og hálfu ári síðar, er Sánchez einn af holdgervingum þess hörmungatíma sem þeir sem koma að Rauðu djöflunum hafa gengið í gegnum síðustu misseri.

Sánchez er talinn hafa verið launahæsti leikmaður Manchester United þann tíma sem hann var á mála hjá félaginu og þrátt fyrir að Ole Gunnar Solskjær hafi tekist að losa sig við Sílemanninn er framherjinn enn á launaskrá hjá félaginu. Talið er að Inter Milan greiði tæplega helming af launum Sánchez, eða um 175.000 pund á viku, á lánstímanum. Sánchez skoraði einungis þrjú mörk í þeim 32 leikjum sem hann spilaði fyrir Manchester United og af þeim sökum kostaði hvert mark hans skildinginn.

Ferill Sánchez í Evrópu hófst hjá Udinese á Ítalíu þar sem hann myndaði eitrað framherjateymi með Antonio Di Natale en tímabilið 2010 til 2011 skoruðu þeir samtals 39 mörk sem er tveimur mörkum minna en þáverandi met sem Alessandro Del Piero og David Trezeguet leikmenn Juventus settu nokkrum árum áður. Á þeim tíma var Sánchez, þá 22 ára gamall, talinn einn mest spennandi framherji heims.

## Önnur slæm kaup

**Thomas Brolin** Svíinn var keyptur til Leeds eftir góða frammistöðu á HM 1994 og blés út á meðan hann var þar.

**Winston Bogarde** Var á fínum launum hjá Chelsea í fjögur ár en lungann úr tímanum æfði hann með varaliði félagsins.

**Andriy Shevchenko** Var keyptur til Chelsea sumarið 2006 en þau þrjú ár sem hann spilaði hjá Lundúnaliðinu skoraði hann níu mörk í 49 leikjum.

**Fernando Torres** Þrátt fyrir að hafa unnið Meistaradeildina, Evrópudeildina og enska bikarinn hjá Chelsea þótti Torres ekki ná að standa undir væntingum.

**Andy Carroll** Forráðamenn Liverpool voru með fullar kistur fjár eftir söluna á Torres og veðjuðu á Carroll. Enski framherjinn reyndist flopp.

**Roberto Soldado** Spænski framherjinn var dýrasti leikmaður í sögu Tottenham. Soldado kostaði 26 milljónir punda en hann skoraði sjö mörk í 52 leikjum fyrir Tottenham Hotspur.




**» Alexis Sánchez skoraði einungis þrjú mörk í þeim 32 leikjum sem hann spilaði fyrir Manchester United.**

Allavega nógu spennandi til þess að katalónska stórveldið Barcelona ákvað að klófesta kappann. Pep Guardiola notaði Sáncez mest á hægri vængnum en hann spilaði þó í öllum þremur fremstu stöðum vallarins undir stjórn Spánverjans. Klókindi Sánchez við að stinga sér aftur fyrir varnir andstæðinga Barcelona og snilli Xavi og Andres Iniesta smullu eins og flís við rass og úr varð falleg harmónía. Sánchez varð bæði spænskur meistari og vann spænska konungsbikarinn á þeim þremur árum sem hann spilaði hjá Barcelona.

Sumarið 2014 ákvað svo Arsene Wenger að fá Sílemanninn til að hressa upp á sóknarleik Arsenal. Þar spilaði hann mikið á vinstri kantinum og einnig í stöðunni fyrir aftan framherjann. Þar raðaði Sánchez inn mörkum en á þeim þremur og hálfu keppnistímabilum sem hann spilaði með Skyttunum skoraði hann 60 mörk í 122 leikjum. Hjá Arsenal varð hann tvívegis bikarmeistari, árið 2015 og 2017, en hann skoraði í bæði skiptin sem hann varð bikarmeistari.

José Mourinho sannfærði svo Sánchez, líklega með aðstoð forráðamanna félagsins með mikið fjármagn í farteskinu, um að söðla um og koma til Manchester United í upphafi ársins 2018. Í stuttu máli má segja að Sánchez hafi aldrei náð að blómstra hjá Manchester United. Svo virtist sem sprengikraftur hans, ógnandi hlaup og hæfileikinn til að klára færi með fótum og höfði hefði verið hrifsaður frá honum í þann mund sem hann hóf störf undir leiðsögn Mourinho.

Hvort sem það var að leikstíll Mourinho hentaði honum ekki eða að aldurinn var farinn að færast yfir Sánchez skal ósagt látið. Eitt er víst að Sánchez verður ekki minnst með hlýhug af stuðningsmönnum Manchester United. Nú reynir hann ásamt Romelu Lukaku sem var í sömu sporum og Sánchez að koma ferli sínum af stað á nýjan leik undir styrkri stjórn Antonio Conte hjá Inter Milan.

**hjorvaro@frettabladid.is**

HAT-TRICK
HEIMSBÍLL ÁRSINS
HÖNNUN ÁRSINS
RAFBÍLL ÁRSINS

JAGUAR



Rafbíllinn Jaguar I-Pace vann nýverið til þrennra gullverðlauna á hinni virtu uppskeruhátíð bílaframleiðenda World Car Of The Year. I-Pace varð þar með fyrsti bíllinn í heiminum til að vinna þrjá flokka á sama árinu. Vertu með þeim fyrstu sem upplifa nýjan fjórhjóladrifinn Jaguar I-PACE, 470 km drægi*, 400 hestöfl, 4,8 sek. í 100 km.

jaguarisland.is

WINNER
WORLD CAR AWARDS
2019 WORLD CAR OF THE YEAR
2019 WORLD CAR DESIGN OF THE YEAR
2019 WORLD GREEN CAR

JAGUAR
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

Jaguar I-Pace
VERÐ FRÁ: 9.790.000 KR.

*Uppgefnin tala um drægi samkvæmt samræmdum mælingum WTPL staðalsins

ENNEMM / SÍA / NM95168

Tilboð gilda út 1. september




**233** kr/stk*
v.á. 319 kr/stk

## KASSATILBOÐ

### Nocco BCAA drykkir

Það skiptir ekki máli hver er þinn uppáhalds
Þú velur 24 Nocco drykki að eigin vali

**5.592** kr/ks
Verð áður 7.656 kr/ks

*Ef verslað eru 24 stk
**Ef verslað eru 12 stk




**190** kr/stk**
v.á. 299 kr/stk

### KASSATILBOÐ

ä prótein pönnukökur
12 stykki að eigin vali

**2.280** kr/ks
Verð áður 3.588 kr/ks




Ripper fyrir æfingu
Fullkomin blanda af koffíni, guarana, raspberry ketones og carnitine

**3.999** kr/stk




Atkins súkkulaðistykki
Hentar vel sem millimál eða snarl þegar þú vilt gleðja bragðlaukana með hollum og sykursnauðum bita

verð frá **199** kr/stk




Frábærir í kaffið, á morgunkornið eða beint úr fernunni

verð frá **329** kr/stk




Happy crunch lífrænt og bragðgott músli

**649** kr/stk




Popcorners snakk
aldrei steikt, glúten frítt

verð frá **359** kr/pk

# Meira girnilegt



**25% afsláttur**

FERSKT MEÐ FLUGI



**Ferskur maís**

**149** kr/stk
Verð áður 199 kr/stk

NAUTAAT

**Nautaat ribeye**

**3.899** kr/kg
Verð áður 5.199 kr/kg

ENGU LÍKAR




**Steikarsósur Hagkaups gera góða steik betri**

Verð frá **499** kr/stk



SS
**25% afsláttur**

**Lambafile**

**4.349** kr/kg
Verð áður 5.799 kr/kg



SS
**25% afsláttur**

**Lambalundir**

**4.349** kr/kg
Verð áður 5.799 kr/kg



SS
**25% afsláttur**

**Lambaprime**

**2.999** kr/kg
Verð áður 3.999 kr/kg



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Egill Egilsson**
Selfossi,

andaðist miðvikudaginn 21. ágúst á Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Útför fer fram í kyrrþey að ósk hins látna. Okkar bestu þakkir til starfsfólks HSU fyrir hlýlega og fagmannlega umönnun.

**Bóthildur E. Hauksdóttir**
**Dísa-María Egilsdóttir** **Magnús H. Helgason**
**Ásthildur Egilsdóttir**
**Sólrún Egilsdóttir** **Björgvin Helgason**
**Freyja Egilsdóttir Mogensen** **Flemming Mogensen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Bjarni Jónsson**
(Dengsi í Ársól)

lést þann 18. ágúst. Útför fer fram í Akraneskirkju þann 10. september kl. 13.

**Þóra S. Jónsdóttir**
**Sigurbjörg Kristín Jónsdóttir** **Daníel Friðrik Haraldsson**
**Lovísa V. Jónsdóttir** **Sigurður Halldórsson**
**Jón Bjarni Jónsson** **Þórunnbjörg Sigurðardóttir**
**Erlingur Jónsson** **Hrafnhildur Erlingsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Lilja Kristjánsdóttir**

lést á Landakoti í faðmi fjölskyldunnar þann 27. ágúst. Útförin verður gerð frá Áskirkju fimmtudaginn 5. september klukkan 13.

**Áskell Másson** **Sigríður Búadóttir**
**Ársæll Másson** **Margrét Pálsdóttir**
**Karólína Margrét Másdóttir** **Stefán Jóhannsson**
**Þórdís Másdóttir** **Aðalsteinn Stefánsson**
**Ottó Másson**
**ömmubörn og langömmubörn.**



Kærar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæra

**Sigvalda Páls Gunnarssonar**
frá Ólafsfirði.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk krabbameinsdeildar Landspítalans við Hringbraut.

**Bjarnheiður Erlendsdóttir**
**Freydís Björk Sigvaldadóttir** **Þorbergur Atli Þorsteinsson**
**Gunnar Þór Sigvaldason** **Eva María Oddsdóttir**
**Adam Bjarki Sigvaldason**
**Eva Björk Ægisdóttir**
**Gunnar Þór Sigvaldason** **Bára Finnsdóttir**
**S. Finnur Gunnarsson**
**Sigríður Gunnarsdóttir**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Ragnar S. Halldórsson**
verkfræðingur
og fyrrverandi forstjóri,

lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 7. ágúst. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju mánudaginn 2. september kl. 13.

**Margrét K. Sigurðardóttir**
**Kristín Vala Ragnarsdóttir**
**Halldór Páll Ragnarsson** **Jóhanna H. Jónsdóttir**
**Sigurður R. Ragnarsson** **Þórdís Kjartansdóttir**
**Margrét Dóra Ragnarsdóttir** **Hjálmar Gíslason**
**og barnabörn.**



**Inni í gamla lýsistankinum á Hjalteyri. Ef ísinn hefði brostið hefði kórinn staðið í vatni upp að brjóstum.**

# Dömukór á hálum ís

**Ein mesta ómtíðni á landinu er í lýsistankinum á Hjalteyri. Þar tók Graduale Nobili upp tónverk á ís.**

Nýlega gaf dömukórinn Graduale Nobili út eistneskt tónverk sem var hljóðritað í lýsistankinum á Hjalteyri við Eyjafjörð 22. og 23. mars. Við upptökurnar stóð kórinn á tíu cm þykkri íshellu í átta gráðu frosti.

„Þetta voru krefjandi aðstæður en þær voru hljómburðarins virði því þarna myndast einhver mesta ómtíðni á landinu, 8-9 sekúndur," segir Þorvaldur Örn Davíðsson kórstjóri. „Ég fór norður á undan stúlkunum og þá dúaði ísinn undir mér einum en nóttina áður en þær komu herti frostið og við ákváðum að skella okkur öll út á klakann. Svo þegar við biðum eftir að komast öll út um sama gatið, kom stór brestur í ísinn, þá vorum við fljót að dreifa hópnum.

Fjögur tónlistarmyndbönd voru líka tekin upp á sex tímum í gömlu síldarverksmiðjunni á staðnum óupphitaðri. Þorvaldur Örn segir þau hafa vakið athygli hlustenda á YouTube, ekki síst ný útsetning af Draumalandinu sem var gerð í minningu Jóns Stefánssonar, stofnanda kórsins (https://youtu.be/rJG5_smKn_8).

**gun@frettabladid.is**



Okkar kæri bróðir, mágur og frændi,

**Böðvar Árnason**

lést á dvalarheimilinu Hlíð sunnudaginn 25. ágúst. Allt fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Kristján Árnason** **Anna Lilly Daníelsdóttir**
**Stefán Árnason** **Hólmfríður Davíðsdóttir**
**Elínborg Árnadóttir** **Þormóður Einarsson**
**Bjarki Árnason** **Bergljót Sigurðardóttir**
**og frændsystkinin öll.**



Elsku eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Einar Oddsson**
læknir,

sem lést þann 24. ágúst á krabbameinslækningadeild LSH, verður jarðsunginn frá Neskirkju fimmtudaginn 5. september klukkan 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast Einars er bent á Ljósið, endurhæfingarmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda.

**Eva Østerby Christensen**
**Margrét Einarsdóttir** **Magnús Guðmundsson**
**Snorri Einarsson** **Hadda Fjóla Reykdal**
**barnabörn og langafabarn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Jóhanna Hafdís Magnúsdóttir**
*Álftarima, Selfossi,*

lést fimmtudaginn 15. ágúst á blóðlækningadeild Landspítalans. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Stefán Þór Gunnarsson** **Elísa Rós Jónsdóttir**
**Atli Rúnar Þorsteinsson** **Thelma Bergmann Árnadóttir**
**Andrea H. Þorsteinsdóttir** **Rúnar Már Kristinsson**
**barnabörn.**



**Símon Sigurmonsson**
ferðaþjónustubóndi,
Görðum í Staðarsveit,

lést á Brákarhlíð í Borgarnesi laugardaginn 24. ágúst. Útför hans fer fram frá Borgarneskirkju föstudaginn 6. september kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að styrkja Neistann, styrktarfélag hjartveikra barna, banki: 0546-26-5810, kt.: 581096-2329.

**Svava Svandís Guðmundsdóttir**
**og fjölskylda hins látna.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Gígja Sæbjörg Kristinsdóttir**
frá Hrísey,
Ólafsvegi 5, Ólafsfirði,

lést 26. ágúst á Hornbrekku, Ólafsfirði. Útför hennar fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju föstudaginn 6. september kl. 14.00.

**Jón Steindór Ásgeirsson**
**Hafdís Elísabet Jónsdóttir** **Guðmundur Ólafsson**
**Gunnlaugur Kristján Jónsson** **Guðrún Ólafsdóttir**
**Guðlaug Jónsdóttir** **Sveinn Ingvason**
**Kristinn Jónsson** **Sigrún Björg Einarsdóttir**
**Sigríður Soffía Jónsdóttir** **Ásbjörn Már Jónsson**
**Katrín Jónsdóttir** **Vignir Þór Siggeirsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.

**Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?**

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is. Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

# Fólk

Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 30. ÁGÚST 2019



Á morgun ríkir karnivalstemning í Menningarhúsum Kópavogs, með smiðjum, danspartíi og jóga, bláum kubbum fyrir yngstu gestina, marokkósku teboði og henna-húðflúri. Söngkonan Valgerður Guðnadóttir hefur þróað dagskrá fyrir Menningarhúsin sem er miðuð að þátttöku gesta. ➜4



# Maður verður að elta hjartað

Guðmundur Jónsson úr Sálinni er enn á fullu í tónlist meðfram fjölskyldulífinu og starfi sínu sem tækniteiknari. Hann er nú að gefa út plötu með dúettinum GG blús, sem heldur útgáfutónleika á Hard Rock í kvöld. ➜2

Guðmundur Jónsson segist aldrei geta bara slakað á, heldur sé hann alltaf að gera tónlist. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Tónlistarmaðurinn Guðmundur Jónsson er best þekktur sem gítarleikari í Sálinni hans Jóns míns, en hann hefur komið víða við á ferlinum, leikið með ólíkum sveitum og gefið út þrjár sólóplötur. Nú þegar Sálin er hætt fer mestallur tími Guðmundar í vinnuna og að sjá um fjölskylduna, en hann er langt í frá hættur í tónlistinni og telur að hann geti það líklega aldrei. Um þessar mundir er hann að gefa út plötu með sveitinni GG blús og þeir halda útgáfutónleika á Hard Rock í kvöld.

Guðmundur segir að Sálin hafi ákveðið að kalla þetta gott á síðasta ári. „Okkur fannst vera komið nóg. Við áttum 30 ára afmæli í fyrra og okkur fannst það ágætis endapunktur á farsælu samstarfi," segir Gummi. „Ég á auðvitað eftir að sakna sveitarinnar, meira en helmingurinn af ævinni fór í hana, maður hefur verið vakinn og sofinn yfir þessu og það hefur gengið vel. En sumir hlutir taka bara enda. Við erum eins og og bræður og það situr ekkert eftir nema góðar minningar, fyrir utan auðvitað tónlistina sjálfa.

Við erum allir fjölskyldumenn og flestir okkar eru að vinna „heiðarlega vinnu", eins og maður segir, þannig að það tók engin tilvistarkreppa við," segir Gummi. „Þetta gerðist líka á nokkrum árum og kom ekkert á óvart."

Hann segist ekki vita hvort Sálin komi einhvern tímann saman aftur. „Maður á aldrei að segja aldrei, en það er ekkert áætlað."

## Hugmyndir á færibandi

En Gummi hætti ekki að spá í músík. „Núna er ég kominn á fullt með GG blús. Eins og gamla klisjan segir, þegar einar dyr lokast opnast aðrar. Maður fær hugmyndir og finnur alltaf eitthvað skemmtilegt að gera," segir hann.

Gummi hefur leikið með ýmsum sveitum í gegnum tíðina og gaf líka út sólóplöturnar Japl, Jaml og Fuður. Nýlega hefur hann spilað með þungarokkssveitinni Nykri en hann hefur einnig leikið með kántrísveitinni Vestanáttinni og nýbylgjusveitinni Trúboðunum, svo fátt eitt sé nefnt. Hann segist aldrei geta bara slakað á. „Ég er alltaf að gera tónlist," segir hann. „Hugmyndirnar koma á færibandi og það ber að sinna þeim."

## Tveggja manna sveit varð til einn daginn

Nýja sveitin, GG blús, er tveggja manna sveit, skipuð Gumma og Guðmundi Gunnlaugssyni. „Sveitin varð bara til upp úr þurru einn daginn árið 2017 þegar við vinirnir höfðum verið að hittast og djamma saman á hljóðfærin," segir Gummi. „Það var svo gaman að við ákváðum að reyna að komast upp með að vera bara tveir, gítar, trommur og söngur.

Við erum að fara aftur í rætur rokksins og spilum blúsrokk. Við höfum báðir verið duglegir bakraddasöngvarar í gegnum tíðina, en núna syngjum við með okkar nefi," segir Gummi. „Fyrst spiluðum við ábreiður á knæpum bæjarins en fljótlega kom sú hugmynd að semja eitthvað fyrir sveitina og þá settum við saman plötu sem er að koma út þessa dagana og heitir Punch. Á plötunni eru sjö frumsamin lög og þrjár ábreiður."

Sjálfur samdi Gummi fjögur lög á plötunni en þrjú lög voru samin með Guðmundi Gunnlaugssyni. „Við fengum líka Mike Pollock, gamla hetju úr Utangarðsmönnum og fleiri sveitum, til að semja fyrir okkur texta og syngja í laginu Lost and Found, sem var mjög gaman," segir Gummi. „Það eru fleiri gestir á plötunni, Sigurður Sigurðsson á munnhörpu og Jens Hansson, minn gamli stríðsfélagi úr Sálinni, leikur á saxófón, en við tveir berum hitann og þungann af þessu.

Það er eitt lag komið út, Touching the Void, sem hefur fengið ágætar viðtökur," segir Gummi. „Á útgáfutónleikunum á Hard Rock í kvöld spilum við alla plötuna með gestunum okkar og tökum einhver fleiri lög líka. Það er hægt að hlusta á plötuna og kaupa hana á Bandcamp, geisladiskar eru að detta í plötubúðir og við erum líka á Spotify."



Það eru bara tveir meðlimir í GG blús, sem býr til skemmtilegar áskoranir þegar kemur að útsetningum.

> **Kollegi minn sagði einu sinni við mig að ég tæki tónlistina alltof alvarlega. Mér fannst það skrýtin ummæli þá en ég skil þau betur núna. Ég get verið heltekinn og gleymt öllu öðru ef ég spenntur fyrir einhverju.**

## Fara aftur í hráleikann

„Blúsrokkið er margtroðin slóð, en mér fannst skemmtilegur vinkill að vera bara tveir. Auðvitað eru þekktir dúettar eins og The White Stripes, The Black Keys og Royal Blood mikill innblástur og hafa gert þessu formi góð skil," segir Gummi. „Við vildum líka fara í þennan hráleika sem einkenndi byrjun rokksins. Ég fór mikið að spá í þetta eftir að hafa farið í skemmtilega ferð á slóðir blússins í suðurríkjum Bandaríkjanna fyrir nokkrum árum. Þá fór ég að velta fyrir mér hvar þetta byrjaði allt.

Ég fór meðal annars í Sun Studio í Memphis, þar sem Elvis Presley og Johnny Cash tóku upp og í Third Man Records í Nashville, sem eru aðalstöðvar Jack White, sem er mikill forvígismaður þessa stíls að taka gamla blúsminnið og gera eitthvað skemmtilegt með það," segir Gummi. „Maður er vakandi fyrir hefðinni en um leið opinn fyrir nútímaáhrifum.

Ég bý til bassasánd í gegnum gítarfetil, sem er nýr vinkill á spilamennskuna og það er mjög krefjandi að útsetja þannig að músíkin gangi upp en við höfum endalaust gaman af því að pæla og semja og erum æfingaglaðir með afbrigðum," segir Gummi. „Þetta er kannski ekki strangt til tekið blús, það er rokk og progg, popp og rokkabillý í þessu og það ægir öllu saman. Við leyfum okkur að fara út og suður. Fólk verður bara að hlusta og tékka á þessu.

Ég er bara sáttur við útkomuna og vinnuferlið var mjög skemmtilegt, svo kemur bara í ljós hvort einhver hafi gaman af þessu hjá okkur," segir Gummi kíminn. „Það er bara bónus."

## Vonlaust að eltast við það sem er vinsælt

Gummi býst ekki við að gefa út fleiri sólóplötur. „Ég gaf út þríleik hér um árið, Japl, Jaml og Fuður, í miklu bjartsýniskasti og þar með er það komið út úr kerfinu. En maður veit aldrei, það stóð ekki til að gera neitt með GG blús en alltaf ef ég dett niður á eitthvað skemmtilegt og skapandi fer maður af stað," segir hann. „Rokktónlist er kannski ekki mjög vinsæl um þessar mundir, en maður pælir lítið í því. Það er vonlaus afstaða að spá í hvað sé inni á hverjum tíma, því þá er maður alltaf á eftir. Maður þarf að finna hvað hjartað segir og elta það. Það hefur alltaf verið útgangspunkturinn."




Platan Punch er aðgengileg í plötubúðum og á Bandcamp og Spotify.

## Það besta kemur oft upp úr þurru

Síðustu þrjú árin hefur Gummi starfað sem tækniteiknari hjá arkitektastofunni Arkís. „Ég lærði fagið í sjaldgæfu skynsemiskasti skömmu eftir aldamót og er að njóta góðs af því núna," segir Gummi. „Svo er ég bara fjölskyldumaður. Ég bý á Álftanesi og á fjóra stráka, tvo stjúpstráka og tvo sem ég bjó til með yndislegri konu, en þeir eru níu og tveggja ára. Það fer mikill tími í að sinna þeim, sem er auðvitað bæði yndislegt og gefandi.

Ef ég á einhvern aukatíma þá fer hann í músíkina. Hún er alveg meira en nóg fyrir mig og stundum einum of. Kollegi minn sagði einu sinni við mig að ég tæki tónlistina alltof alvarlega," segir Gummi. „Mér fannst það skrýtin ummæli þá en ég skil þau betur núna. Ég get verið heltekinn og gleymt öllu öðru ef ég spenntur fyrir einhverju.

Þess á milli hef ég mjög gaman af því að spá í kvikmyndir og kvikmyndatónlist og það hefur ágerst," segir Gummi. „Mér finnst alltaf best að slaka á með því að fara í bíó. Það er gott að sitja í myrkrinu og horfa á góða sögu.

Ég gæti vel hugsað mér að gera kvikmyndatónlist einn daginn. Það er ein af þessum endalausu hugmyndum sem eru á sveimi í hausnum á mér, svo kemur það bara í ljós hvort það komist í verk en ég er alltaf opinn fyrir öllu," segir Gummi. „Ég hef stundum staðið sjálfan mig að því í gegnum tíðina að vera of einstrengingslegur en maður er að reyna að breyta því í seinni tíð. Það besta kemur oftast upp úr þurru og þá ber að fara í humátt á eftir því."

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,




Allt að sjötíu prósenta
afsláttur af sýningarvörum

**Í DAG, Á MORGUN LAUGARDAG
OG SUNNUDAG, 30. ÁGÚST TIL 1. SEPTEMBER**

HANS J. WEGNER,
ARNE JACOBSEN,
BORGE MOGENSSEN,
PHILIPPE STARCK,
ERIK MAGNUSSEN, OFL.

Skeifan 6 / 5687733 / www.epal.is

epal







Valgerður Guðnadóttir ásamt þeim Sigurði Helga Oddssyni á píanó og Matthíasi Stefánssyni sem mundar önnur hljóðfæri. Hér með fiðluna að vopni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Sérsamið tónlistarævintýri Völu á karnivali í Kópavogi

Á morgun ríkir karnivalstemning í Menningarhúsum Kópavogs, með smiðjum, danspartíi og jóga, bláum kubbum fyrir yngstu gestina, marokkósku teboði og henna-húðflúri. Söngkonan Valgerður Guðnadóttir hefur þróað dagskrá fyrir Menningarhúsin sem er miðuð að þátttöku gesta.

Karnival í Menningarhúsunum í Kópavogi stendur yfir frá klukkan 13 til 16 á morgun, laugardag. Boðið verður upp á smiðjur í Gerðarsafni og Náttúrufræðistofu, danspartí og jóga á Bókasafni Kópavogs, risakubba í Gerðarsafni og marokkóskt teboð og henna-tattú í anddyri Náttúrufræðistofu Kópavogs.Söngkonan Valgerður Guðnadóttir er ein þeirra sem fram koma en hún hefur verið að þróa nýtt tónlistarævintýri fyrir Menningarhúsin sem er miðað að þátttöku gesta og verður það flutt í Salnum klukkan 14 á laugardeginum en með Valgerði verða píanóleikarinn Sigurður Helgi Oddsson og Matthías Stefánsson sem mundar önnur hljóðfæri. „Ævintýrið fjallar um stúlkuna Fljóð sem dregst inn í ævintýraveröld þar sem hún ferðast til margra landa og tekur þátt í mismunandi tónlistarflutningi. Tónlist frá ólíkum löndum verður flutt og aldrei að vita nema áheyrendur þurfi að hjálpa til við framvindu ævintýrisins,“ segir Valgerður.

> **Ævintýrið fjallar um stúlkuna Fljóð sem dregst inn í ævintýraveröld þar sem hún ferðast á milli margra landa og aldrei að vita nema áheyrendur þurfi að hjálpa til við framvindu ævintýrisins.**

Valgerður hefur tekið að sér að sjá um nokkrar fjölskyldustundir á vegum Menningarhúsanna í Kópavogi í vetur. Hún er ekki ókunn þessum stundum eftir að hafa haldið nokkra tónleika, meðal annars Disney-tónleika þar sem ungir sem aldnir sungu með.

„Í vetur verðum við með fjölbreytta dagskrá. Þetta verður fyrsta fjölskyldustundin sem við Sigurður sjáum um. Þetta er tónlistarviðburður dulbúinn sem hálfgert leikhús. Ég kalla þetta tónlistarævintýri en í því mætast margir þekktir og óþekktir tónlistarstílar.

Dagskráin á laugardaginn stendur frá kl. 13-16 og er öllum opin. Danspartí á Bókasafninu hefst kl. 13.30, tónleikar í Salnum kl. 14.00, henna-tattú á Náttúrufræðistofu er frá kl. 14-16 og frískandi fjölskyldujóga kl. 15. Smiðjur í Gerðarsafni og Náttúrufræðistofu standa yfir frá kl. 13-16 sem og kubbafjör fyrir yngstu börnin í Gerðarsafni.

## Laugardagur 31. ágúst

**13.00-15.00**
Textíl- og útsaumssmiðja í Náttúrufræðistofu

**13.30**
Danspartí á bókasafni

**14.00-16.00**
Teppasmiðja í Gerðarsafni

**14.00**
Vala Guðna og félagar flytja tónlist frá ýmsum löndum í Salnum

**13.00-15.00**
Kubbafjör frá Smástund í Gerðarsafni

**14.00-16.00**
Henna-tattú og marokkóskt teboð í anddyri Náttúrufræðistofu

**15.00**
Frískandi fjölskyldujóga

Dagskráin er liður í Fjölskyldustundum á laugardögum. Allir velkomnir og ókeypis þátttaka.

Nánar um dagskrána og Fjölskyldustundir á laugardögum má finna á menningarhusin.kopavogur.is og einnig er hægt að nálgast bækling í öllum Menningarhúsunum.

# Hugbúnaður

FÖSTUDAGUR 30. ÁGÚST 2019

**Kynningar:** CoreData Solution, Sensa, Stokkur



Helga Guðrún Lárusdóttir þjónustustjóri, Kjartan Hrafn Kjartansson vörustjóri og Gunnar Ingi Traustason, framkvæmdastjóri CoreData Solution. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Snjallar lausnir fyrir fyrirtæki framtíðarinnar

CoreData Solution er íslenskt hugbúnaðar- og þekkingarfyrirtæki. Fyrirtækið sérhæfir sig í stjórnun og varðveislu upplýsinga og gagna. Gunnar Ingi Traustason, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segir að tími þess að senda viðkvæm gögn með tölvupósti eða pappír sé liðinn. →2



CoreData býður upp á fjölbreyttar og notendavænar lausnir sem eru sérsniðnar að þörfum ólíkra viðskiptavina. Frá vinstri: Kjartan Hrafn vörustjóri, Gunnar Ingi framkvæmdastjóri og Helga Guðrún þjónustustjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Það ætti ekkert félag lengur að taka á móti eða senda viðkvæm gögn með tölvupósti eða pappír,“ segir Gunnar. Hann segir GDPR, nýja persónuverndarreglugerð Evrópusambandsins, hafa gjörbreytt landslaginu í þessum málaflokki. Þetta séu þýðingarmestu breytingar sem gerðar hafi verið á persónuverndarlöggjöfinni í tvo áratugi. Nú standi fyrirtæki frammi fyrir auknum kröfum um að vernda viðkvæmar upplýsingar einstaklinga. „Með tilkomu GDPR þá skiptir meira máli að vernda viðkvæmar upplýsingar og tryggja öruggt aðgengi gagna,“ útskýrir Gunnar.

## Skilvirkar lausnir í síbreytilegu umhverfi

CoreData býður upp á hagkvæmar lausnir fyrir fyrirtæki sem vilja spara bæði tíma og pening. „Fyrirtæki og félög sem vilja verða skilvirkari og með öflugri upplýsingastjórnun eru markhópurinn okkar,“ segir Gunnar. Lausnirnar gera viðskiptavinum kleift að hámarka afköst og nýta tíma. „Þeir aðilar eru sífellt að leita leiða til að einfalda og rafvæða viðskiptaferla hjá sér og minnka sóun á tíma starfsmanna og viðskiptavina,“ segir hann.

## Hjálpfúsir sérfræðingar meðal viðskiptavina

Það eru mikil samskipti á milli CoreData Solutions og viðskiptavina, sem margir búa yfir dýrmætri sérfræðiþekkingu og standa í fremstu röð í sínu fagi. „CoreData Solutions er í miklum samskiptum við viðskiptavini sína og er öflugur notendahópur sem samanstendur af öflugustu upplýsingafræðingum landsins þar á meðal,“ segir Gunnar. Hann segir starfsfólk CoreData fullt þakklætis í garð hópsins. „Starfsfólk okkar er þakklátt fyrir stuðninginn sem kemur frá þessum hópi þar sem þau þekkja hugbúnaðinn og upplýsingafræðin,“ segir hann. Þá hittir starfsfólk CoreData hópinn öðru hvoru þar sem farið er yfir hin ýmsu mál er snúa að upplifun viðskiptavina. „Starfsfólk CoreData og notendahópurinn hittast reglulega og fara yfir þarfir og óskir notendahópsins,“ segir Gunnar.

## Lausnir sérsniðnar að þörfum ólíkra viðskiptavina

CoreData býður upp á fjölbreyttar og notendavænar lausnir sem henta fyrirtækjum af öllum toga. Grunnlausnin er til dæmis snjallt úrræði sem veitir notendum bætta yfirsýn og gerir þeim kleift að sinna verkefnum með aukinni hagkvæmni. „Grunnlausnin okkar er verkefna-, málaskrár- og skjalakerfi sem styður við margþætta og fjölbreytta starfsemi,“ segir Gunnar. „Lausnin auðveldar samvinnu innan verkefna og gefur góða sýn á stöðu þeirra,“ bætir hann við.

## Umsóknarkerfið einfalt úrræði fyrir viðskiptavini

„Umsóknarkerfið gefur þínum viðskiptavinum aðgang að formum líkt og umsóknum, ábendingum, atvinnuumsóknum og öðru slíku,“ segir Gunnar. Uppsetning kerfisins er einföld og auðveldar alla vinnslu gagna. „Allar umsóknir eru sniðnar að þínum þörfum og koma því með sjálfvirkum hætti inn í CoreData tilbúnar til afgreiðslu,“ útskýrir Gunnar. Þá sé kerfið útbúið með þeim hætti að notendur geti fest viðhengi við allar umsóknir og því ekki lengur þörf á að senda fylgiskjöl með tölvupósti. „Hægt er að setja viðhengi með öllum umsóknum og tryggja að ekki þurfi að senda fylgiskjöl í tölvupósti,“ segir Gunnar.

## Stjórnarvefgáttin aðgengileg stjórnarmeðlimum

Stjórnarvefgáttin er sniðin að þörfum stjórna fyrirtækja og auðveldar skipulagningu og umsjón með stjórnarfundum. „Stjórnarvefgáttin er vefgátt sem stjórnir fyrirtækja nýta sér fyrir utanumhald utan um stjórnarfundi,“ segir Gunnar. Allar upplýsingar eru skráðar og aðgengilegar hvenær sem er, hvar sem er. „Þá er dagskrá og fylgigögn stjórnarfunda skráð með aðgengilegum hætti fyrir stjórnarmenn og aðgengileg öllum stundum,“ skýrir Gunnar frá. Aðgengi er einfalt en öruggt. „Stjórnarmenn skrá sig inn með rafrænum skilríkjum,“ segir Gunnar. Þetta fyrirkomulag tryggir aðgengi stjórnarmeðlima og kemur jafnframt í veg fyrir að viðkvæm gögn séu send með tölvupósti. „Stjórnarvefgátt er aðgengileg öllum stjórnarmeðlimum hvar sem þeir eru staddir í heiminum og eru viðkvæm gögn ekki send með tölvupósti heldur eru aðgengileg á öruggum stað,“ segir Gunnar.

## Betri yfirsýn stjórnarmeðlima, óháð stað og stund

Gunnar segir tæknina gera stjórnarmeðlimum kleift að vera samstíga í því starfi sem inna þarf af hendi til þess að stuðla að velgengni félagsins. „Góðir fundarsiðir fela í sér að allir stjórnarmeðlimir vinni að verkefnum sem tryggja framgang félagsins,“ segir Gunnar. Tæknin auðveldi stjórnarformanni að fylgjast með verkefnum. „Með því að úthluta verkefnum til stjórnarmeðlima í stjórnarvefgáttinni getur stjórnarformaður ávallt séð stöðu verkefna sem stofnað er til,“ segir hann. Það sé auðvelt að aðlaga þjónustuna þörfum hvers og eins. „Hugbúnaðurinn þykir sveigjanlegur og getur auðveldlega haldið utan um hinar ýmsu tegundir verkefna,“ skýrir Gunnar frá.

## Gagnaherbergin

Þá býður CoreData upp á gagnaherbergi sem auðveldar dreifingu upplýsinga. „Gagnaherbergi gerir fyrirtækjum og stofnunum kleift að deila upplýsingum með ytri aðilum á einfaldan hátt,“ segir Gunnar. „Sem dæmi um slíkt má nefna áreiðanleikakannanir, samstarf við endurskoðendur og verktaka sem tryggir það að öll umræða og samskipti um skjöl eru á einum stað,“ segir hann.

## Umhverfisvænn rekstur

Ávinningurinn af lausnum CoreData er margþættur. Lausnirnar draga ekki einungis úr sóun á tíma og fjármunum heldur einnig pappír. Þær eru því kjörnar fyrir fyrirtæki sem vilja nútímavæða reksturinn í takt við síbreytilegt rekstrarumhverfi og auknar kröfur um umhverfissjónarmið. „Allt lausnarmengið okkar styður þitt fyrirtæki eða félag í því að verða pappírslaust og einfalda alla stýringu á upplýsingum,“ segir Gunnar.

## Einfalt og aðgengilegt

Viðskiptavinir CoreData eru af öllum stærðum og gerðum. „Við erum með opinbera aðila og í einkageiranum,“ segir Gunnar. „Viðskiptavinir okkar eru meðal annars félög í innflutningi og útflutningi, heildverslanir, fasteignafélög, skólar, lífeyrissjóðir, dómstólar, lögfræðistofur, arkitektastofur og ríkisstofnanir,“ segir hann. „Kerfið er sérstaklega einfalt og aðgengilegt í notkun og mikil vinna hefur verið lögð í það að tryggja góða upplifun notenda,“ segir Gunnar. Hann segir notkun kerfisins einfalda. „Það er afar auðvelt að innleiða kerfið og stilla af fyrir nýja viðskiptavini,“ segir hann. „Kerfið er aðlagað starfsemi þíns félags og styður þig í að ná þínum markmiðum,“ útskýrir Gunnar.

## Skrifað í skýin

Gunnar segir þjónustu CoreData henta metnaðarfullum viðskiptavinum sem horfa til framtíðar. „Lausnirnar eru hannaðar fyrir öll þau fyrirtæki og félög sem vilja ná árangri í upplýsingastjórnun og umhverfismálum,“ segir hann. „Allar lausnir félagsins eru í boði sem skýjaþjónustur,“ segir Gunnar. „Í því felst að allur rekstur, afritunartaka og uppfærslur eru hluti af því sem er innifalið í mánaðargjaldinu,“ bætir hann við. Þá er hægt er að nota hugbúnaðinn í tölvu, spjaldtölvu og farsíma.

> „Starfsfólk CoreData og notendahópurinn hittast reglulega og fara yfir þarfir og óskir notendahópsins.

## Ótvíræður árangur

Lausnirnar hjá CoreData hjálpa fyrirtækjum að tileinka sér vandaðri vinnubrögð. „Við erum að sjá mikinn árangur hjá viðskiptavinum okkar sem nýta sér lausnirnar okkar,“ segir Gunnar. „Við hjálpum okkar viðskiptavinum að efla skilvirkni, til dæmis með því að gerast pappírslaus,“ segir hann. Þá séu lausnir CoreData í takt við ný lög sem kveða á um aukna persónuvernd. „Þú ert með allar upplýsingarnar rafrænt og á rekjanlegum stað, þær liggja ekki á glámbekk,“ segir Gunnar. Notkun lausnanna stuðlar að fagmennsku. „Það er ekki mjög faglegt að taka á móti starfsumsókn í tölvupósti, og þaðan af viðkvæmari gögnum eins og greiðslumati,“ segir Gunnar. „Þetta er því feykilega öflug lausn.“

CoreData Solution
Lágmúli 5, 6. hæð
108 Reykjavík
Sími: 550-3900
www.coredata.is
coredata@coredata.is

core data

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, | Veffang: frettabladid.is




## Hugbúnaðarlausnir fyrir verslun og þjónustu

Bókhaldskerfi | Birgðakerfi | Afgreiðslukerfi | Innkaupakerfi

dk hugbúnaður er eitt stæsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins. Allt frá upphafi hefur dk viðskiptahugbúnaðurinn verið hjartað í starfsemi okkar. Hugbúnaðurinn er í dag leiðandi bókhalds- og viðskiptahugbúnaður fyrir minni og meðalstór fyrirtæki og þá hefur færst í vöxt að stór fyrirtæki séu farin að velja hugbúnaðinn fyrir sína starfsemi. Yfir 6.500 fyrirtæki nýta sér þjónustu dk hugbúnaðar í dag og yfir 4.500 fyrirtæki eru með bókhaldið í skýinu hjá dk. Hafið samband við okkur og fáið kynningu á þeim fjölbreyttu lausnum sem dk hugbúnaður hefur fyrir verslun og þjónustu.

---

2018 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

2018 Framúrskarandi fyrirtæki

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2019

Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi
Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri
510 5800 | dk@dk.is | www.dk.is
dk hugbúnaður 20 ára | 1998-2018

dk hugbúnaður

freshdesk
by freshworks

Heimsþekktur þjónustuhugbúnaður með íslensku viðmót

Samskipti við viðskiptavini hvar sem þeir koma - tölvupóstur, sími, spjall eða félagsmiðlar.

Öflug samvinnutól milli starfsmanna til að bregðast við óskum viðskiptavina og leysa vandamálin fljótt.

Sjálfvirkt vinnuflæði og sjálfvirk svör við algengum spurningum sem minnkar álag á starfsmenn.

Ókeypis 21 dags prufuaðgangur að FreshDesk fyrir þá sem vilja skoða betur fyrir sína starfsemi.

ZIX
zix@zix.is
Sími 5471100
www.zix.is

Dagbók Möggu

Í dag er dagurinn! Ég er á leiðinni í atvinnuviðtal sem ég náldi mér í gegnum Alfreð vinnuleitina. Ég kvíði fyrir viðtalinu, þannig að ég les allar fréttir í Púlsinum til að geta verið með puttann á púlsinum ef að því kemur. Ég ákveð svo að taka smá göngu eftir viðtalið með WAPP appinu til að hreinsa hugann og hendi mér svo í næsta Strætó og get sem betur fer borgað með Strætó appinu þar sem ég steingleymdi veskinu mínu heima. Þegar ég kem í bæinn heyri ég urrandi gaul úr maganum og eins og alltaf þá greiði ég með AUR appinu og fæ góðan afslátt úr Einkaklúbbs appinu. Viðtalið gekk vel og ég er sannfærð um að ég fái starfið! Ég ætla því að njóta smá og slappa af með því að panta mér pizzu úr Domino's appinu. Og þar sem lukkan virðist vera með mér í dag, þá ætla ég að freista gæfunnar og kaupa Lottó miða beint úr appinu og vonandi næli ég mér í nokkrar milljónir.

Stokkur hefur þróað yfir 50 öpp fyrir þig í 12 ár

Vertu í sambandi
Skólavörðustígur 11
stokkur@stokkur.is
Sími. 519 7900

STOKKUR

LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, menningu, tísku, heilsu og margt fleira.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook




Hilmar Þór Jóhannsson hönnuður og Snædís Zanoria Kjartansdóttir verkefnastjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Sprettur að marki – apphönnun hjá Stokki

Stokkur er leiðandi fyrirtæki í appþróun á Íslandi sem býr yfir mikilli þekkingu og reynslu. Með hönnunarspretti geta fyrirtæki fengið frumgerð af nýju appi á einni viku.

Stokkur er leiðandi í appþróun og höfum við sérhæft okkur á því sviði í yfir 12 ár. Við höfum þróað mörg af vinsælustu öppum á Íslandi eins og Domino's, Strætó, Alfreð, Leggja, Aur og margar fleiri lausnir," segir Snædís Zanoria Kjartansdóttir verkefnastjóri. „Við tökum einnig að okkur ráðgjafarvinnu, oftast í formi hönnunarspretts (e. Design Sprint) ásamt því að hanna viðmót, markaðsefni og aðstoða við þróun vörumerkja (e. branding).

Stokkur hefur reynsluna. Appþróun og allt sem tengist öppum er okkar sérsvið," segir Snædís. „Við búum yfir sameiginlegri þekkingu sem erfitt er að finna annars staðar á Íslandi og ég tel það vera okkar forskot á markaðnum."

„Í á þriðja ár höfum við verið að taka að okkur hönnunarspretti með fyrirtækjum með einstaklega góðum árangri," segir Hilmar Þór Jóhannsson hönnuður. „Sprettirnir skila af sér góðri greiningarvinnu og fyrstu frumgerð af appi og það má segja að á þessari einu vinnuviku sé tveggja til þriggja mánaða vinna afgreidd.

Það sem gerist í hönnunarsprettinum varðandi hönnun á prótótýpu er heilmikið ferli sem margir átta sig ekkert endilega á," segir Hilmar. „Okkur langar til að kynna betur hvernig ég sem hönnuður hugsa og vinn mína vinnu í sprettinum."

> **Það gerast galdrar í hönnunarsprettunum okkar. Að ná að þarfagreina, hanna hluta af flæðinu og láta prófa prótótýpuna, allt á einni viku, sparar viðskiptavinum okkar alveg ótrúlegan tíma og kostnað.**
>
> **Snædís Zanoria Kjartansdóttir**

## Hannað fyrir persónu

„Sem hönnuður þá þarf að ímynda sér hvernig og hvenær appið mun nýtast notendum og þá þarf að setja sig í spor annarra. Því er gott að byrja á því að skilgreina notendahópa og persónur og það er gert í samvinnu við viðskiptavini," segir Hilmar. „Það er mikilvægt að prófa sig áfram og fá athugasemdir frá öðrum í teyminu til að fá viðbrögð snemma í ferlinu, áður en lokahönnun er kynnt fyrir viðskiptavini. Það þarf því að hlusta á hvað aðrir hafa að segja og hvernig þeir upplifa hönnunina og flæðið. Þetta getur stundum verið áskorun, því að maður getur átt það til að vera hlutdrægur, en þá er líka gott að hafa alla greiningarvinnuna úr sprettinum fyrir framan sig."

## Vertu samstíga vörunni

„Ef appið er fyrir vörumerki sem notendur þekkja er mikilvægt að hönnunin uppfylli væntingar notenda og eigenda vörumerkisins. Það getur því verið viðkvæmt og persónulegt að hanna app fyrir þekkt vörumerki," segir Hilmar. „Hönnuðurinn þarf alltaf að skilja að appið verður hluti af heildarvistkerfi vörumerkis og mun fylgja öðrum stafrænum miðlum þess. Með hönnunarspretti náum við að mynda sameiginlegan skilning á appinu og þeim væntingum sem því fylgja með viðskiptavinum okkar, sem leiðir til þess að það verður auðveldara að hanna og standast væntingar."

## Útskýra hönnunina

„Þegar búið er að prófa prótótýpuna og komið er að því að kynna lokaafurð hennar úr sprettinum fyrir viðskiptavini þá finnst mér gott að fá tækifæri til að útskýra af hverju við fórum þessa leið. Ég fer yfir fyrstu drög að hönnun og ber þau svo saman við þær breytingar sem gerðar voru eftir notendaprófanir," segir Hilmar. „Það má segja að hönnunin sem ég kynni sé ekki mín persónulega nálgun heldur sameiginleg vinna teymisins, þar sem allir höfðu áhrif."

## Sparar bæði tíma og kostnað

„Hönnunarsprettir eru fyrir alla sem vilja spara sér tíma og þurfa að láta hlutina gerast hratt, en við höfum aðallega einblínt á fyrirtæki sem eru í rekstri," segir Snædís. „Það gerast galdrar í hönnunarsprettunum okkar. Að ná að þarfagreina, hanna hluta af flæðinu og láta prófa prótótýpuna, allt á einni viku, sparar viðskiptavinum okkar alveg ótrúlegan tíma og kostnað. Það er mikilvægt fyrir okkur sem og okkar viðskiptavini að við deilum öll sömu sýn á appið. Svo er líka alveg magnað að sjá ánægða viðskiptavini þegar þeir loks sjá hugmyndina sína verða að raunveruleika."


SÉRFRÆÐINGAR
Í HUGBÚNAÐARLAUSNUM
• Ferðalausnir
• Hugbúnaðarlausnir á heilbrigðissviði
• Lausn fyir gæðastjórnun
• Stafrænar þjónustugáttir
• Stafræn umbreyting
• Heildstæð mannauðs- og launalausn
• Stafræn markaðstorg
• SAP viðskiptalausnir
• NAV viðskiptalausnir
origo.is
Borgartúni 37, 105 Reykjavík • 516 1000
.origo.

# FreshDesk hugbúnaðurinn er nú fáanlegur með íslensku viðmóti

**FreshDesk er einn öflugasti hugbúnaður í heiminum þegar kemur að samskiptum fyrirtækja og stofnana við viðskiptavini. FreshDesk hefur nú verið þýtt á íslensku sem auðveldar notkun hjá íslenskum fyrirtækjum.**



Til þessa hafa fyrirtæki notað FreshDesk með ensku viðmóti, en geta nú innleitt íslenska útgáfu af hugbúnaðinum.

Þýðingin er gerð í samstarfi Zix ehf. og auðveldar hún uppsetningu og innleiðingu þar sem skilaboð og önnur samskipti eru öll á íslensku. FreshDesk tekur yfir og skipuleggur öll samskipti á borð við tölvupósta, spjall, símtöl, vefform, samfélagsmiðla og nánast öll rafræn form og breytir í miða sem auðvelt er að vinna með.

Þegar samskiptin eru komin inn í FreshDesk þá eru þau skipulögð með reglum og jafnvel vélgreind (AI) niður í hópa eða með sérmerkingum sem auka skilvirkni og gefa betri heildarsýn yfir öll samskipti. Einnig er hægt að kenna FreshDesk að svara algengum spurningum með sjálfvirkum hætti.

Fullkomnar mælingar og þjónustustigsreglur (SLA) fylgjast með öllu og veita tölfræðiupplýsingar um árangur samskipta og hjálpa við að finna vandamál sem þarf að leysa. Kerfið staðfestir jafnframt að allt sé bara í fínasta lagi þegar svo er.

Fullkominn þekkingargrunnur og svör við algengum spurningum er innbyggt í kerfið. Hægt er að birta lausnina meðan viðskiptavinur er að skrifa inn spurninguna eða nota færslu úr þekkingargrunni til að svara fyrirspurn jafnvel með sjálfvirkum hætti. Jafnframt er hægt að vista tilbúin svör sem hægt er að skeyta beint inn í svartexta þegar við á.

Yfir 150.000 fyrirtæki nota FreshDesk í dag og eru 27 íslensk fyrirtæki þar á meðal. Til þessa hafa þau notað FreshDesk með ensku viðmóti, en geta nú innleitt það íslenska. Freshworks Inc., höfundur FreshDesk, hefur aukið sölu sína um 61% á síðasta ári og er í mikilli sókn með hugbúnaðarlausnir sínar sem eru meðal annars FreshDesk, FreshSales og FreshChat.

Zix ehf. býður nú ókeypis 21 dags aðgang að FreshDesk fyrir þá sem vilja kynnast hugbúnaðinum betur og skoða helstu möguleika fyrir sitt fyrirtæki.

**Yfir 150 þúsund fyrirtæki nota FreshDesk í dag og eru 27 íslensk fyrirtæki þar á meðal.**

Frekari upplýsingar eru í síma 5471100 - www.zix.is - netfang: zix@zix.is




## Adobe Creative Cloud

Nú höfum við hjá Hugbúnaðarsetrinu loks náð samningum sem gera okkur kleyft að selja og þjónusta allan almennan hugbúnað sem Adobe framleiðir fyrir skapandi fólk og fólk í viðskiptum.

Adobe



## Settu markmiðið hátt

Creative Cloud áskriftarþjónustan veitir þér aðgang að vinsælasta hugbúnaði og hugbúnaðar þjónustu í heimi fyrir **kvikmyndavinnslu, grafíska hönnun, ljósmyndun** eða **hönnun á vef efni** og **öppum**. Það er auðvelt að byrja með innbyggðu kennsluefni og tilbúnum sniðmátum sem fylgja. Hvort sem þú ert byrjandi eða atvinnumaður, hefur þú allt sem þarf til að láta stóra drauma verða að veruleika.

**NÝTT á Íslandi**

**Nú fyrir einstaklinga**
**Nú fyrir ljósmyndara**
**Nú fyrir nemendur og kennara**



**LJÓSMYNDARAR**
Creative Cloud Photography plan fyrir ljósmyndara.

**EINSTAKLINGAR**
Fáðu allt safnið af skapandi forritum fyir þig með skýja-þjónustu.

**SKÓLAR / NEMENDUR / KENNARAR**
Öll Adobe forritin fyrir skapandi greinar með einfaldri leyfisstjórnun og auðveldri uppsetningu.

**FYRIRTÆKI**
Skapandi ský fyrir teymi er tilvalið fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki: Einföld umsýsla leyfa, margar tímasparandi aðgerðir samstarfsaðila og samskipti við viðskiptarvini. Háþróuð tæknileg aðstoð.

**Acrobat Pro DC**
Hafðu alla stjórn á vinnu þinni með Adobe Acrobat DC. Skannaðu, breyttu, undirritaðu og skoðaðu skjöl í rauntíma með þeim sem við á hverju sinni, hvar og hvenær sem þú vilt. Hvort sem er á skjáborði, spjaldtölvu eða í farsíma. Acrobat Pro er fullkomlega samhæft við Office 365. Og öryggið er í fyrrúmi.

Hugbúnaðarsetrið ehf. er Certified Adobe Reseller. Fyrirtækið er stofnað 2012, til að gera Íslendingum kleift að kaupa allan hugbúnað frá Adobe, sem má selja á Íslandi, á sem hagstæðustu kjörum og á löglegan og þægilegan máta. Við höfum verið Adobe Partners frá 2008 og störfum árlega við tæknilega aðstoð á Adobe MAX í Bandaríkjunum. Fyrirtækið leggur áherslu á að veita góða notendaþjónustu og stuðla að fræðslu í notkun Adobe hugbúnaðar á Íslandi.

www.hugbunadarsetrid.is

HUGBÚNAÐAR SETRIÐ




**Þekking, sérfræðiþjónusta og vandaðar lausnir eru aðalsmerki Sensa. F.v.: Valgerður H. Skúladóttir, framkvæmdastjóri Sensa, Skeggi Þormar, yfirmaður Kubernetes-hugbúnaðarþróunar hjá NetApp á Íslandi, Hrafnkell Brimar Hallmundsson, lausnaleiðtogi skýjaþjónustu, Gunnar Sigurðsson, viðskiptaþróun NetApp hjá Sensa, og Eyjólfur Ólafsson, tæknilegur ráðgjafi.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Einfaldaður rekstur með Kubernetes

Fyrirtækið Sensa var stofnað árið 2002 sem ráðgjafarfyrirtæki. Umsvif þess jukust hratt og fljótlega eftir stofnun fór fyrirtækið að selja og þjónusta net- og öryggislausnir.

Lengi vel unnu um 30 manns hjá fyrirtækinu en í dag starfa um 120 starfsmenn hjá Sensa. Árið 2007 keypti Síminn allt hlutaféð í fyrirtækinu og árið 2015 keypti Síminn fyrirtækið Basis sem sinnti að mestu hýsingar- og rekstrarþjónustu. Í framhaldi sameinaði Síminn upplýsingatæknisvið Símans og Basis inn í Sensa. Umfang Sensa jókst til muna og varð við sameininguna fyrirtæki sem býður upp á heildarlausnir í upplýsingatækni. „Markmið Sensa er að bjóða fyrirtækjum virðisaukandi þjónustu og lausnir í innviðum upplýsingakerfa," segir Eyjólfur Ólafsson, tæknilegur ráðgjafi hjá Sensa. Þekking, sérfræðiþjónusta og vandaðar lausnir hafa ávallt verið eitt af aðalsmerkjum Sensa en fyrirtækið sérhæfir sig í ráðgjöf, hýsingu og rekstri tölvu- og netkerfa.

## Skil milli reksturs og hugbúnaðar að minnka

Þar kemur Kubernetes við sögu, en það er hugbúnaðarlausn sem upplýsingatækniheimurinn hefur sammælst um að nota við að sjálfvirknivæða, skala og stýra klösum (Clusters) af gámum (Containers) en það hjálpar fyrirtækjum að innleiða DevOps hugmyndafræðina við hugbúnaðarþróun og rekstur. Í dag eru skil á milli hugbúnaðarkerfa og almenns reksturs fyrirtækja sem hafa innleitt DevOps hverfandi. „Innviðirnir eru að verða meira og meira að kóða, þannig að skil á milli hugbúnaðarkerfa og reksturs eru að minnka," segir Eyjólfur.

Stórfyrirtækið NetApp sem Sensa er í miklu samstarfi við hefur gefið út NetApp Kubernetes Services (NKS) sem er lausn sem einfaldar hugbúnaðarþróun og rekstur til að nýta sér kosti Kubernetes og gáma.

„NetApp hefur í aldarfjórðung staðið framarlega í þróun á gagnageymslum en fór að þróa skýjalausnir fyrir nokkrum árum. Gefa lausnir fyrirtækisins einstaka möguleika á að flytja gögn á milli eigin búnaðar og mismunandi þjónustuaðila eins og AWS, Azure og Google enda fyrirtækið samstarfsaðili þeirra allra. Fyrir tveimur árum keypti NetApp íslenska fyrirtækið Greencloud sem sér um þróun skýjalausna, þar á meðal Kubernetes," segir Gunnar Sigurðsson sem sinnir viðskiptaþróun NetApp hjá Sensa. Fréttablaðið fjallaði mikið um þessi viðskipti í fyrra en hjá því starfa nú yfir 50 manns, sem vinna við þróun á skýjalausnum fyrir NetApp. „Sensa er samstarfsaðili NetApp á Íslandi og fyrsta fyrirtækið í Evrópu til að setja í gang sérmerkta útgáfu af Kubernetes, Sensa Kubernetes Services."

## Upprunalega úr smiðju Google

„Galdurinn við Kubernetes er að fela fyrir þér skítverkin sem þú vilt ekki vita af," segir Skeggi Þormar sem starfar sem yfirmaður Kubernetes hugbúnaðarþróunar hjá NetApp á Íslandi. „Þú vilt ekki vita af vélbúnaðinum eða uppsetningunum, þú vilt einfaldlega eiga stað til að reka hugbúnaðinn og til að búa til allt verkferlið þitt, alveg frá hönnun hugbúnaðarins og að rekstri hans. Þarna kemur Kubernetes mjög sterkt inn. Heimurinn er hratt að átta sig á hve öflugt Kubernetes er, vöxturinn er alveg gífurlegur og mjög mörg fyrirtæki eru að fara þessa leið. Flestöll fyrirtæki horfa að minnsta kosti til Kubernetes, ef þau eru ekki nú þegar búin að taka upp notkun þess í sínu umhverfi. Þá er Kubernetes hið eðlilega næsta skref í útvistun," segir Skeggi.

Upprunalega er Kubernetes úr smiðju Google, en starfsmenn þar áttu sjálfir í erfiðleikum með þróun og rekstur hugbúnaðar, en slíkur rekstur er gífurlega umfangsmikill. „Kubernetes byrjaði sem innanhússverkefni hjá þeim, til að þeir gætu rekið sín eigin kerfi út um allan heim," segir Skeggi. Í dag er Kubernetes hluti af opna hugbúnaðarsamfélaginu. „Þetta er orðið stærsta opna hugbúnaðarsamfélagið á eftir Linux," segir Eyjólfur.

## Með stærstu hugbúnaðarráðstefnum heims

Í byrjun voru aðeins nokkrir tugir forritara sem notuðu Kubernetes og mættu á ráðstefnur um það, en í dag eru að mæta á milli 10 og 20 þúsund á KubeCon, sem er stærsta Kubernetes ráðstefna heims og er haldin í hverri heimsálfu árlega. „Þetta hefur gerst alveg gífurlega hratt," segir Skeggi. Sensa og NetApp vinna í því að breiða út Kubernetes tæknina á Íslandi og Skeggi telur meira að segja að það sé lífsspursmál fyrir íslenska hugbúnaðargeirann hvort Ísland tileinki sér þessa tækni eða ekki.

„Við hjá NetApp á Íslandi höfum verið leiðandi innan NetApp í innleiðingu á Kubernetes." Skeggi segir þó að undirtektir íslenskra fyrirtækja hafi verið minni en búist var við. „Jón Þorgrímur Stefánsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri GreenQloud og núverandi einn af varaforsetum NetApp, segir að þetta sé líklega fyrsta dæmið um nýja og augljóslega glæsilega tækni, þar sem Íslendingar hafa ekki stokkið til og gripið tækifærið strax. Þróun á Kubernetes hefur að okkar mati verið frekar hæg á Íslandi, en við, Sensa og fleiri ætlum að taka á við útbreiðslu og kynningu."

## Styður við hraða þróun

Gunnar bætir þó við að það sé mikill áhugi fyrir þessari tækni hér á landi. „Allir sem eru í hugbúnaðargerð á Íslandi kannast við Kubernetes og eru að hugsa um að byrja að nota það. Aðalhindrunin er sú breyting sem Kubernetes krefst á vinnubrögðum fyrirtækja. Sumir eru komnir af stað með það, en við erum sannfærð um að margt muni gerast á næstu mánuðum og misserum í þessum heimi." Fleiri og fleiri viðskiptavinir Sensa eru farnir að biðja um aðstoð við uppsetningu og rekstur Kubernetes. „Við hjá Sensa þurftum að gjöra svo vel og stökkva til og læra á þetta," segir Hrafnkell Brimar Hallmundsson, lausnaleiðtogi skýjaþjónustu hjá Sensa, en fyrirtækið verður eflaust ekki það síðasta hér á landi til að gera það. „Það er eftirspurn eftir þessu kraumandi undir yfirborðinu, það er alveg klárt mál," bætir Hrafnkell við.

Hugbúnaðarþróun hefur í lengri tíma snúist um að þróa hugbúnaðarlausnir sem stórar einingar sem eru gefnar út með löngu millibili eftir miklar prófanir. „Þeir gefa kannski út nýja útgáfu af pakkanum einu sinni á ári eða á tveggja ára fresti," segir Eyjólfur. Með innleiðingu á DevOps hugmyndafræðinni er hugbúnaðurinn hins vegar færður í smærri sjálfstæðar einingar sem eru kallaðar Micro Services. „Þessar litlu einingar eru þróaðar og reknar sjálfstætt í gámum sem Kubernetes stýrir. Þannig að í staðinn fyrir að hugbúnaðarlausn sé gefin út á árs eða tveggja ára fresti, þá gerir DevOps hugmyndafræðin og Kubernetes þér kleift að gera örari breytingar á hugbúnaðinum. Þess vegna margoft á dag. Til að geta það þarftu flæðilínu (CI/CD) sem styður við slíkar breytingar og þá þarftu helst að sjálfvirknivæða sem mest. Kubernetes hjálpar þér við að gera það."

Þann 19. september ætla NetApp og Sensa að standa fyrir Kubernetes samkomu (MeetUp) þar sem allir eru velkomnir. Skeggi segir að þau vonist til að hugbúnaðarsérfræðingar mæti, ekki bara til að hlusta heldur líka til að tala.

## Kubernetesþjónusta Sensa

Sensa Kubernetes Service (SKS) er sérmerkt Sensa útgáfa af NetApp Kubernetes Service, sem er þjónustað af sérfræðingum Sensa ásamt NetApp. Þar er hægt að búa til Kubernetes klasa með nokkrum músarsmellum og hægt er að velja Amazon Web Services, Microsoft Azure eða Google Cloud Platform sem hýsingaraðila. Einnig verður í boði hýsing innanlands hjá Sensa, eða í eigin VMware umhverfi viðskiptavinar. Þar sem Sensa er vottaður samstarfsaðili Microsoft, AWS og VMware og er að vinna í Google Cloud Platform vottun, geta sérfræðingar Sensa veitt ráðgjöf og þjónustu, hvaða leið sem verður fyrir valinu. Hægt er að fá nánari upplýsingar og 30 daga prufuaðgang á https://kubernetes.sensa.is

Sensa er í Ármúla 31. Sími 425 1700. Sjá nánar á sensa.is

sensa kubernetes NetApp PLATINUM PARTNER Microsoft Gold Partner aws partner network

# Dökkt viðmót frá Microsoft sparar rafhlöður

Microsoft hefur tilkynnt að það ætli að gefa út nýtt dökkt viðmót fyrir Office-forritin, Office.com og Outlook í síma. Þetta á eftir að spara rafhlöður í tækjum og gera það þægilegra að skoða skjáinn í lítilli birtu.

Microsoft hefur áður prófað dökkt viðmót í Windows 10 og Edge-vafranum.

Þetta dökka viðmót er þegar aðgengilegt á Office.com og það er verið að gefa út uppfærslur fyrir snjallsíma sem bæta þessum notkunarmöguleika við. Ef notendur eru með kveikt á stillingunni sem sparar rafhlöður á Android-stýrikerfinu velur Outlook-appið dökka viðmótið sjálfkrafa.

Seinna verður dökka viðmótið gefið út fyrir Word, Excel, OneNote, PowerPoint, SharePoint, OneDrive, Planner og To-Do snjallsímaforritin frá Microsoft. Það verður einnig aðgengilegt á Planner og OneDrive á vefnum.




Nú verður hægt að skoða Outlook með dökku viðmóti í snjallsíma, sem sparar rafmagn.




Nýjar uppfærslur eru misvinsælar.

## Windows vinsælt

Nýjasta uppfærslan á Windows 10 frá því í maí hefur verið gríðarlega vinsæl. Þeim sem hafa sótt uppfærsluna hefur fjölgað gríðarlega undanfarinn mánuð og er notkun uppfærslunnar orðin meiri en á síðustu uppfærslu sem gerð var í maí 2018. Þetta sýna nýjustu tölur frá AdDuplex. 33% notenda Windows 10 eru nú komin með nýjustu uppfærsluna.

Uppfærsla yfir í október-útgáfuna fór hægt af stað og margir sem eru að uppfæra yfir í maí 2019 útgáfuna eru að skipta beint úr apríl 2018 útgáfunni. Þau hjá Microsoft eru að vonum ánægð með að fólk skuli vera að taka við sér. En sumir segja að þessar tölur segi ekki endilega til um hvort maí 2019 útgáfan sé betri en sú sem kom út í október. Microsoft sé einfaldlega að þvinga fólk til að skipta með því að gera aprílútgáfuna óvirka.



Skrollið endalausa gerir notendur háða miðlum. NORDICPHOTOS/GETTY

## Aðgerðir gegn ávanabindandi hönnun miðla

Á síðustu árum hafa nokkrir af helstu stofnendum vinsælustu samfélagsmiðlanna viðurkennt að börn þeirra fái ekki að nota miðla af þessu tagi en margir samfélagsmiðlar, líkt og spilavíti, eru hannaðir með það í huga að gera notendur háða þeim. Hið endalausa skroll eða „infinite scroll“ er skýrt dæmi um það.

Fyrirbærið lýsir sér þannig að fréttaveitan á Facebook tekur aldrei enda, nýtt efni birtist án afláts og gerir það að verkum að notandinn, líkt og spilafíkill, á erfitt með að hætta.

Nú er verið að skoða það að grípa til aðgerða gegn fyrirbærinu og hefur öldungadeildarþingmaðurinn Josh Howley lagt fram frumvarp (SMART act) því til stuðnings.

Tristan Harris, fyrrverandi starfsmaður Google, sem skoðað hefur hönnun þessara miðla út frá siðfræðilegu sjónarhorni, lýsti fyrirbærinu á þennan hátt: „Ef ég fjarlægi botninn úr þessu glasi og held áfram að fylla það af vatni eða víni, þá muntu ekki hætta að drekka. Þetta er það sem gerist með þessu endalausa skrolli.“



REEBOKFITNESS.IS

# VERTU BETRI



BYRJAÐU
**STRAX**
Í DAG!

NÝ NÁMSKEIÐ
AÐ HEFJAST!

ÞÚ VERÐUR BETRI MEÐ REEBOK FITNESS!

LAMBHAGI
HOLTAGARÐAR
URÐARHVARF
FAXAFEN
TJARNAVELLIR
ÁSVALLALAUG
KÓPAVOGSLAUG
SALALAUG

Reebok
FITNESS
*FYRIR ALLA | ENGIN BINDING*



Það er bæði fræðandi og skemmtilegt að skoða það sem fyrir augu ber á Náttúrufræðistofu.

# Karnival í upphafi viðburðaríks menningarvetrar í Kópavogi

Ólöf Breiðfjörð, verkefnastjóri viðburða og barnamenningar í Kópavogi, segir komandi haust vera spennandi tíma þegar kemur að Menningarhúsunum í bænum. Þar séu allir velkomnir til að eiga góðar, skemmtilegar og fræðandi stundir.

Undanfarin ár höfum við verið með viðburði á hverjum laugardegi og við erum heppin hér í Kópavogi að öll menningarhúsin okkar eru í einum hnapp. Fólk getur komið hingað klukkan eitt á laugardögum og það er eitthvað skemmtilegt og uppbyggilegt um að vera og allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi,“ segir Ólöf. Það sama má segja um viðburði á hverjum miðvikudegi sem eru ókeypis og hefjast alltaf klukkan 12.15. Ganga um útilistaverkin í Kópavogi, matarmenning á jólum, tónleikar með tveimur flyglum eru meðal viðburða undir yfirskriftinni Menning á miðvikudögum. Að vera kynvera og foreldri og söngstund fyrir ungbörn og foreldra eru meðal dagskrárliða á Foreldramorgnum sem nú eru í fyrsta sinn ekki einungis haldnir á Bókasafni Kópavogs heldur líka í Gerðarsafni, Náttúrufræðistofu og í Salnum. Þá verður samstarf við RIFF í ólíkum viðburðum fyrir mismunandi aldurshópa. „Myndamorgnar á Héraðsskjalasafni eru einnig fastur liður í okkar dagskrá en annan hvern miðvikudag bjóða sérfræðingar safnsins gestum að koma í spjall og greiningu á myndum í fórum safnsins en þannig getur fólk gefið dýrmætar upplýsingar um leið og það nýtur stundarinnar með öðrum grúskurum,“ bætir Ólöf við.



Það er spennandi að láta mála á sig henna-húðflúr enda ótal mörg falleg munstur í boði.

Á morgun, laugardag, byrjum við vetrarstarfið með stóru karnivali við Menningarhúsin þar sem meðal annars er boðið upp á textíl- og útsaumssmiðju í Náttúrufræðistofu, dansparti á bókasafninu, teppasmiðju í Gerðarsafni og henna-tattú og marokkóskt teboð verður í anddyri Náttúrufræðistofu svo fátt eitt sé nefnt. Með dagskránni viljum við kynna Fjölskyldustundir á laugardögum þar sem allir eru velkomnir, þátttaka er ókeypis og allir finna eitthvað við sitt hæfi.

„Við leggjum alltaf áherslu á að viðburðir okkar styrki þátttakendur á einn eða annan máta. Í dagskránni sem nú fer í hönd leggjum við m.a. áherslu á að efla sjálfstraust hjá börnum, virkja þau í að nota náttúruna í listsköpun, fá þau til að hugsa um endurvinnslu og hvernig við getum lifað af náttúrunni. Þessir þættir eru rauður þráður hjá okkur en um leið eru viðburðirnir framreiddir á aðgengilegan og skemmtilegan máta fyrir alla fjölskylduna. Markmiðið er að heimsóknin skilji eitthvað eftir.“



Á morgun ríkir karnivalstemning í Menningarhúsum Kópavogs. Atburðateymi Menningarhúsanna er fullt tilhlökkunar. Frá vinstri: Hrafnhildur Gissurardóttir, Gerðarsafni, Ríkey Hlín Sævarsdóttir, Náttúrufræðistofu, Ólöf Breiðfjörð, verkefnastjóri Menningarhúsanna, Rúnar Júlíusson, Salnum, og Helga Einarsdóttir, Bókasafni Kópavogs. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ólöf bendir á að Kópavogur vinni nú að innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. „Heimsmarkmiðin eru okkur í Menningarhúsunum einnig ofarlega í huga og við vinnum með þau í viðburðunum okkar. Til dæmis markmið eins og þau að stuðla að menntun fyrir alla og hvernig megi útrýma fátækt en hvort tveggja er leiðarljós hjá okkur enda geta allir sótt viðburðina okkar óháð fjárhag.“

Ólöf er að fara inn í fjórða veturinn sinn hjá Menningarhúsunum í Kópavogi og segir hún að það sé mikill stígandi í aðsókninni. „Ef fólk hefur áhuga á einum kima menningar þá hefur það pottþétt áhuga á öðru líka. Þarna erum við að brjóta niður múra sem okkur finnst svo skemmtilegt og skiptir okkur máli.“

Fyrir skömmu fékk Kópavogur styrk frá Barnamenningarsjóði til að ráða verkefnastjóra fjölmenningar til að auka aðgengi fólks frá öðrum menningarheimum að Menningarhúsunum. „Við viljum ná til flóttafólks og hælisleitenda en líka til fólks sem hefur búið hérna lengi en ekki náð að stíga það skref að taka þátt í viðburðum okkar. Ég hvet því alla til að mæta á karnivalið okkar á morgun og fá smjörþefinn af öllum þeim menningarlystisemdum sem Kópavogsbær mun bjóða upp á næstu mánuðina.

Dagskrána má nálgast í pappírsformi í Menningarhúsunum og rafrænt á vefsíðunni menningarhusin.kopavogur.is

# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar. Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum til flestar stærðir á lager.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

## Fjórhjól







## Bátar




## Þjónusta

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Hellulagnir, lóðastandsetning, skjólveggir og pallasmíði. Jónas Freyr Harðarson garðyrkjufræðingur s: 697-8588.

Almenn garðvinna, ódýr þjónusta. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




## Skemmtanir




## Tilkynningar

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

**Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030**

### Sjómannaskólareitur (Þ32), Veðurstofuhæð (Þ35)

**Breytt landnotkun og fjölgun íbúða**

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 4. júlí 2019 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, samkvæmt 1. mgr. 36. gr, sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010. Aðalskipulagstillagan er auglýst samhliða breytingu á deiliskipulagi Sjómannaskólareits. Tillagan er einnig auglýst með athugasemdum Skipulagsstofnunar, dagsettar 19. ágúst 2019.
Aðalskipulagstillagan nær til tveggja svæða í Borgarhluta 3, Hlíðar, Holt, Norðurmýri. Annars vegar er lagt til að breyta landnotkun að hluta á svokölluðum Sjómannaskólareit, úr samfélagsþjónustu í opið svæði og íbúðarbyggð fyrir um 150 íbúðir. Hinsvegar er lagt til að Veðurstofuhæð, sem nú er skilgreind sem samfélagsþjónusta verði breytt í miðsvæði með áherslu á blöndun byggðar og 150-250 íbúðir.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 30. ágúst 2019 til og með 11. október 2019**. Tillagan er einnig til sýnis á Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b . Tillöguna má nálgast á ***reykjavik.is*** og ***adalskipulag.is***

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til Umhverfis- og skipulagssviðs, Borgartúni 12-14 eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 11. október 2019. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

### Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010**
**er auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

**Sjómannaskólareitur**
Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 3. júlí 2019 og borgarráði Reykjavíkur þann 4. júlí 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Sjómannaskólareit 1.254.2. Í tillögunni felst uppbygging á lóð Sjómannaskólans fyrir allt að 150 nýrra íbúða á svæðinu fyrir eldri borgara, námsmenn, félagsbústaði og hagkvæmt húsnæði (almennar íbúðir). Bætt verður við byggingarheimildum fyrir biskupsstofu á lóð Háteigskirkju og afmörkuð hverfisvernd á Stakkstæði og Vatnshól. Reiturinn afmarkast af Háteigsvegi til suðurs, Vatnsholti til austurs, Skipholti til norðurs, Nóatúni og lóð Háteigskirkju til suðurs og vesturs. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 30. ágúst 2019 til og með 11. október 2019**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, ***www.reykjavik.is***, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 11. október 2019. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

**Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar**

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

# Keypt & Selt

## Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar



Eigum til á lager nettar deiglögunarvélar, 50 l pottur fyrir ca 30 kg deig, tveggja hraða Upplýsingar Bakaratækni s:8921031 og 8963470.




Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**
**Upplýsingar í síma 782 8800**

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Til leigu 30 fm stúdíóíbúð í 105 Rvk. Upplýsingar í síma 897-5396

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU.**
Kistumelur 14, 289 fm á kr. 1500 pr fm.
Stórar innkeyrsludyr, 9,5 m lofthæð.
**Nánar uppl. s. 840 3992**

# Atvinna

## Atvinna í boði

**LOFTORKA REYKJAVÍK**
Óskar eftir verkamanni vönum jarðvinnu
**Upplýsingar í síma: 892 0525**
**fridrik@loftorka.com**

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

# Tilkynningar

## Tilkynningar

**WWW.YAAKOVSWELL.NET**
Here you will find a series of studies of the Blessed Torah. All the material is completely free. you may download it, copy it and give it away.

## Tilkynningar

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

# Iðnaðarsvæði í Alfsnesvík

### Auglýsing tillagna að breytingum á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 og Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, ásamt nýju deiliskipulagi vegna iðnaðarsvæðis við Álfsnesvík.

### Álfsnesvík.

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins auglýsir tillögu að breytingu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040, sbr. 24. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Samhliða auglýsir skipulagsfulltrúi Reykjavíkur breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, sbr. 31. gr. skipulagslaga og nýtt deiliskipulag við Álfsnesvík í samræmi við 43. gr. skipulagslaga. Tillögunum fylgir sameiginleg umhverfisskýrsla sem unnin er í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Markmið skipulagstillagnanna er að afmarka heppilegt land fyrir efnisvinnslusvæði vegna mannvirkjagerðar sem næst þéttbýlinu á höfuðborgarsvæðinu. Í umhverfismati skipulagstillagnanna kemur fram niðurstaða um að Álfsnesvík sé ákjósanlegasti staðarvalskosturinn fyrir þessa starfsemi. Í tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur er afmarkað iðnaðarsvæði vegna þessa í Álfsnesvík og í tillögu að breytingu á svæðisskipulagi eru vaxtarmörk færð þannig að iðnaðarsvæðið verði innan þeirra. Í tillögu að deiliskipulagi fyrir Álfsnesvík er sett fram stefna um afmörkun lóðar og aðkomu að henni, hafnarkant, byggingarreit og landmótun við lóðarmörk. Gert er ráð fyrir því að Björgun ehf. flytji starfsemi sína á umrætt svæði.

Tillögurnar, ásamt sameiginlegri umhverfisskýrslu og umsögn Skipulagsstofnunar um aðalskipulagstillöguna liggja nú frammi til sýnis á skrifstofu SSH, **Hamraborg 9 Kópavogi**, hjá Skipulagstofnun, **Borgartúni 7b í Reykjavík**, í þjónustuveri Reykjavíkurborgar **Borgartúni 12-14** og á skrifstofum annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, **frá 30. ágúst til og með 11. október 2019**. Gögnin eru einnig aðgengileg á vef SSH, w***ww.ssh.is/svaedisskipulag*** og á vef Reykjavíkurborgar, ***reykjavik.is/skipulag-i-kynningu og adalskipulag.is***

Þau sem vilja kynna sér tillögurnar frekar eru hvött til að mæta á opinn kynningarfund sem haldinn verður á umræddu tímabili og boðað verður til með sérstakri auglýsingu. Þar verður einnig kynning á frummatsskýrslu, sbr. lög nr. 106/2000, vegna mats á umhverfisáhrifum landfyllingar og hafnar fyrir efnisvinnslusvæði á Álfsnesi, en skýrslan ásamt fylgigögnum liggur frammi til kynningar hjá Skipulagsstofnun og hjá Reykjavíkurborg í Borgartúni 12-14. Frétt um kynningu frummatsskýrslu er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar, ***skipulag.is***.

Hver sá sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er hvattur til að kynna sér tillögurnar.

**Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skrifstofu SSH Hamraborg 9, 200 Kópavogi eða á skrifstofu Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar Borgartúni 12-14. Einnig má senda á netfangið ssh@ssh.is eða skipulag@reykjavik.is eigi síðar en kl. 16:00 11. október 2019.**

Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

# Fasteignir

EIGNAMIÐLUN
GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090

**LÁGALEITI 7, 103 REYKJAVÍK**




Ný fullbúin 53 fm íbúð á efstu hæð með 16 fm svölum. Ískápur og uppþvottavél fylgja. Leiga 210 000 kr.
**Nánari uppl. Hilmar Þór Hafsteinsson lg.fs. hilmar@eignamidlun.is**




STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984
535-1000

## Tilkynningar

Skipulagsstofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

**Athugun Skipulagsstofnunar**

### Athafnasvæði Björgunar við Álfsnesvík

Björgun ehf. hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um landfyllingu og höfn fyrir efnisvinnslusvæði Björgunar í Álfsnesi.

**Kynning á frummatsskýrslu:** Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 30. ágúst - 11.október á eftirtöldum stöðum: Á Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

Vakin er athygli á að samhliða eru auglýstar til athugasemda tillögur að breytingum á aðalskipulagi Reykjavíkur og svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins vegna fyrirhugaðra framkvæmda í Álfsnesi. Skipulagstillögurnar eru aðgengilegar á vef Reykjavíkurborgar adalskipulag.is, á vef SSH ssh.is/svaedisskipulag.is og á vef Skipulagsstofnunar skipulag.is, auk þess sem gögnin liggja frammi hjá framangreindum aðilum og á skrifstofum annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Athugasemdir við skipulagstillögurnar skulu sendar á ssh@ssh.is eða skipulag@reykjavik.is eigi síðar en kl. 16 þann 11. október 2019.

**Athugasemdafrestur vegna frummatsskýrslu:** Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 11. október 2019 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

Vakin er athygli á að kynningarfundur um frummatsskýrsluna ásamt tillögum að breytingum á svæðis– og aðalskipulagi þann 15. september á 7. hæð á skrifstofu Reykjavíkurborgar Borgartúni 12-14.

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
SAFT

# VEIÐIPORTIÐ

ÚT Á GRANDA

ÚT Á GRANDA

Grandagarði 3, 101 Reykjavík, Sími 552 9940 | Opið mán. – fös. kl. 10 – 18. Laugardag kl. 10 – 16. Sunnudag kl. 10-14.



# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

| Staður | Hiti °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 10 | 5 |
| Ísafjörður | 2 | 9 |
| Akureyri | 7 | 2 |
| Egilsstaðir | 7 | 5 |
| Kirkjubæjarkl | 11 | 4 |
| Hveravellir | 3 | 3 |

Norðaustanátt, víða 8-13 um vestanvert landið en hægari norðlæg átt annars staðar. Dálítil rigning eða súld norðvestan til en skúrir í öðrum landshlutum, einkum síðdegis. Hiti 4 til 12 stig, hlýjast sunnanlands.

## Laugardagur

| Staður | Hiti °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 9 | 6 |
| Ísafjörður | 5 | 5 |
| Akureyri | 7 | 1 |
| Egilsstaðir | 7 | 4 |
| Kirkjubæjarkl | 6 | 6 |
| Hveravellir | 2 | 6 |

## Sunnudagur

| Staður | Hiti °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 9 | 4 |
| Ísafjörður | 7 | 2 |
| Akureyri | 6 | 2 |
| Egilsstaðir | 6 | 5 |
| Kirkjubæjarkl | 11 | 4 |
| Hveravellir | 5 | 4 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 2 | 9 | | | | 7 | 5 |
| 6 | | | | 7 | 5 | | 3 | |
| | 7 | 9 | 1 | | 6 | | | |
| | | | | 9 | | | | 6 |
| 9 | 3 | 6 | | | | 2 | | |
| | 8 | 1 | 5 | | | 3 | | |
| | 5 | | | 2 | 9 | | | 7 |
| 8 | | | 6 | 4 | | | 2 | |
| | | | | | | 1 | 4 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 8 | | 7 | | | | 2 |
| | | | 5 | | 2 | 6 | | 8 |
| | 4 | 5 | | | 1 | | | 3 |
| | | | | 6 | | | 8 | |
| | | | | 1 | 5 | | | |
| | | 7 | 2 | 9 | | | 3 | |
| | | | 9 | | 7 | | | |
| | | 4 | 3 | 5 | | 2 | 7 | |
| | 8 | | | 2 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | | 2 | | | | 8 |
| | | 5 | | | | 9 | | |
| | 8 | | 3 | | | | 4 | |
| | 4 | 8 | 7 | | | | 6 | 3 |
| | | | 2 | | | | | 1 |
| | | | | | 6 | | 8 | |
| 2 | | 3 | 5 | | | | | 4 |
| | | | | 7 | | | | 2 |
| | 1 | | 9 | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | 8 | 5 | 6 | 1 | 9 | 7 | 4 |
| 9 | 4 | 6 | 7 | 2 | 8 | 5 | 3 | 1 |
| 7 | 5 | 1 | 9 | 3 | 4 | 6 | 2 | 8 |
| 3 | 1 | 9 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 2 |
| 4 | 7 | 5 | 2 | 8 | 3 | 1 | 9 | 6 |
| 6 | 8 | 2 | 1 | 7 | 9 | 3 | 4 | 5 |
| 5 | 9 | 3 | 6 | 4 | 2 | 8 | 1 | 7 |
| 8 | 6 | 4 | 3 | 1 | 7 | 2 | 5 | 9 |
| 1 | 2 | 7 | 8 | 9 | 5 | 4 | 6 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 5 | 8 | 1 | 6 | 3 | 4 | 7 |
| 7 | 1 | 8 | 9 | 4 | 3 | 6 | 2 | 5 |
| 3 | 4 | 6 | 2 | 7 | 5 | 8 | 9 | 1 |
| 5 | 7 | 4 | 1 | 8 | 2 | 9 | 3 | 6 |
| 8 | 6 | 9 | 3 | 5 | 4 | 7 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 3 | 6 | 9 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 6 | 5 | 7 | 4 | 2 | 9 | 1 | 8 | 3 |
| 9 | 3 | 1 | 5 | 6 | 8 | 2 | 7 | 4 |
| 4 | 8 | 2 | 7 | 3 | 1 | 5 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 9 | 5 | 4 | 1 | 6 | 7 | 2 | 8 |
| 8 | 4 | 2 | 7 | 9 | 3 | 6 | 1 | 5 |
| 1 | 6 | 7 | 8 | 2 | 5 | 9 | 3 | 4 |
| 9 | 2 | 3 | 1 | 7 | 4 | 8 | 5 | 6 |
| 4 | 8 | 6 | 9 | 5 | 2 | 1 | 7 | 3 |
| 5 | 7 | 1 | 3 | 6 | 8 | 2 | 4 | 9 |
| 6 | 5 | 4 | 2 | 8 | 7 | 3 | 9 | 1 |
| 2 | 1 | 8 | 5 | 3 | 9 | 4 | 6 | 7 |
| 7 | 3 | 9 | 6 | 4 | 1 | 5 | 8 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 sunnan
5 röst
6 í röð
8 lúffa
10 tveir eins
11 yfirbreiðsla
12 geyst
13 talgalli
15 múrsteinn
17 guma

**LÓÐRÉTT**
1 yfirvinna
2 örvita
3 háttur
4 ýtarlega
7 ofrægja
9 skrölt
12 beitiland
14 kvk. spendýr
16 tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1 sólin, 5 iða, 6 áb, 8 guggna, 10 rr, 11 lak, 12 hart, 13 stam, 15 tígull, 17 karla.
**LÓÐRÉTT:** 1 sigrast, 2 óður, 3 lag, 4 nánar, 7 baktala, 9 glamur, 12 haga, 14 tík, 16 ll.

## Skák Gunnar Björnsson

Grunfeld átti leik gegn Tarrasch í Baden-Baden árið 1925.

**1. Bh4!! h6 2. Df8+! Rxf8 3. Bf6+ Kh7 4. Hg7+ Kh8 5. Hxf7+ Kg8 6. Rh6# 1-0.**
Ding Liren og Magnús Carlsen urðu efstir og jafnir Sinquefield-mótinu og tefldu til úrslita í gærkveldi. Í dag hefst Bikarsyrpa TR – sem er fyrir 16 ára og yngri.

**www.skak.is:** Bikarsyrpa TR hefst í dag.

**Hvítur á leik**




# HLAÐVARPIÐ
**á frettabladid.is**
*hlustaðu þegar þér hentar*



Lifum lengur



Hismið

FRETTABLADID.IS


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# ÚTSALAN ER BYRJUÐ

Full búð af spennandi útivistarvörum



Einnig fáanleg í barna-stærðum

**30-40% afsláttur**

icebreaker® MERINO

100% Merino ullarfatnaður, stingur ekki, hlýrri og tekur ekki í sig lykt.



## OSPREY BAKPOKAR

OSPREY

**30-50% afsláttur**

**Hágæða bakpokar**
**Eitt mesta úrval landsins**

Klifurbakpokar • Leiðsögumannabakpokar • Fjallgöngubakpokar • Dufflar
Krakkabakpokar • Fjallaskíðabakpokar • Hjólabakpokar • Ferðatöskur

**30% afsláttur**



FERRINO

GSI OUTDOORS

Svefnpokar, vindsængur, pottar, pönnur, hita-og kælibrúsar broddar ofl. frá GSI, Ferrino og Verica með góðum afslætti



## GÖNGUSKÓR OG SANDALAR

KEEN

**30-50% afsláttur**

patagonia®

**30-50% afsláttur**



Allar GRIVEL® og singing rock vörur með góðum afslætti

**Afsláttarborðin verða að sjálfsögðu á sínum stað með enn betri kjörum!**

# GG•sport

**Opið í dag föstud. 10-18**
**Opið laugardag 11-18**
**og á sunnudag 12-16**




Smiðjuvegur 8, **Græn gata**, 200 Kópavogi • sími: 571 1020 • www.ggsport.is

Fylgstu með okkur á Facebook og á Instagram



OPIÐ ALLA
NÝ VERSLUN Í MÖRKINNI 3 • LO
FREI
THONET & VANDER
FERÐAHÁTALARAR
3.995
VERÐ ÁÐUR 7.990
50% Afsláttur
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
ALLT AÐ 60 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF YFIR 300 FARTÖLVUM
OPIÐ ALLA HELGINA
Fjöldi opnunartilboða og ljúffengur Lurkur frá Emmessís í boði:)
TIVOLÍ emmessís
LURKUR
Með súkkulaðidýfu
emmessís
ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR AF LACIE OG SEAGATE FLÖKKURUM
20% Afsláttur AF WONLEX GPS KRAKKAÚRUM
Allt að 50% Afsláttur MÓÐURBORÐ OG SKJÁKORT
Allt að 50% Afsláttur AF FARTÖLVU-TÖSKUM
TÖLVUTEK
Reykjavík • Mörkin 3 • 563




30. ágúst 2019 • Tilboð gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

FRÉTTABLAÐIÐ
# MENNING



„Mig hafði lengi langað til að opna eigið gallerí,“ segir Ingimar Þórhallsson ljósmyndari. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Frábært tækifæri fyrir listafólk

**Nýtt ljósmyndagallerí í miðbænum. Eigandinn segir eitt af markmiðunum að efla list og menningarlíf á Laugaveginum. Páll Stefánsson er fyrstur til að sýna þar.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Ingimar Þórhallsson ljósmyndari hefur opnað ljósmyndagallerí á neðri hæð verslunar sinnar nomad., á horni Laugavegs og Frakkastígs. Ingimar stundaði BA-ljósmyndanám í University of the Arts í London, en flutti heim í fyrravor og stofnaði verslun og nú ljósmyndagallerí.

**Tækifæri fyrir nemendur**

„Mig hafði lengi langað til að opna eigið gallerí og sá möguleika á því eftir að ég stofnaði þessa verslun, en neðri hæðin nýtist vel sem slíkt pláss. Galleríið var opnað á Menningarnótt og Páll Stefánsson ljósmyndari er fyrstur til að sýna þar og ég hlakka til samstarfs við fleiri listamenn,“ segir Ingimar.

„Markmiðið með þessu galleríi sem kallast nomad. studio er að veita ungu listafólki ásamt þeim sem lengra eru komin í listinni tækifæri til að koma verkum sínum á framfæri í miðbæ Reykjavíkur. Ég þekki af eigin raun að það er erfitt að fá sýningarpláss og getur það reynst kostnaðarsamt. Við bjóðum fólki upp á að sýna allt frá einni viku upp í fjórar. Ég mun auglýsa galleríið í Listaháskólanum, Myndlista- og Ljósmyndaskólanum því hér er frábært tækifæri fyrir unga nemendur til að halda sýningar og afla sér þannig reynslu. Markmiðið er sömuleiðis að efla lista- og menningarlíf á Laugaveginum, þar sem fá pláss eru af þessum toga.



Sýning á verkum Páls Stefánssonar stendur nú yfir í nomad. studio.

> HÉR ER FRÁBÆRT TÆKIFÆRI FYRIR UNGA NEMENDUR TIL AÐ HALDA SÝNINGAR OG AFLA SÉR ÞANNIG REYNSLU.

**Minningar af atburðarás**

Sýning Páls Stefánssonar nefnist 1958 m og stendur til 24. september. Ingimar segir að nokkrar umsóknir um sýningar í galleríinu hafi þegar borist og verið sé að fara yfir þær. Sjálfur mun hann sýna verk sín á sýningu í nóvember.

„Ég sérhæfi mig í landslagsmyndum og tek mikið af myndum af hafinu. Ég er ekki endilega að eltast við að fanga náttúruna eins og hún blasir við mér, heldur eru myndirnar frekar minningar af tiltekinni atburðarás sem ég sé fyrir mér. Ég notast við alls konar efni og tækni til að framkalla þessa sýn, t.d. hreyfingar á myndavélinni, prentuð tauklæði og filmur sem ég set fyrir framan linsuna. Útkoman verður þá gjarnan abstrakt og óljós sem krefst þess að áhorfandinn sæki í eigin minningar úr náttúrunni. Mér finnst líka spennandi að gera fjarlægðir og stærðir dálítið óræðar þannig að áhorfandinn er kannski ekki alveg viss hvert myndefnið er, en það eru alltaf formin og litirnir sem ráða ferðinni.“

Ingimar segist einnig hrifinn af samstæðum og andstæðum. „Ég stilli stundum tveimur eða fleiri myndum hlið við hlið. Önnur myndin er til dæmis af náttúrulegum fyrirbærum eins og straumum hafsins á móti mótuðum formum eins og fiskikörum og trollnetum. Út frá þessu verður til ákveðið sjónarspil og saga sem hver og einn getur túlkað að vild,“ segir Ingimar að lokum.

## Vansæl lögga

**BÆKUR**

**Feilspor**

★★★☆☆

**Höfundur:** Maria Adolfsson
**Þýðandi:** Ísak Harðarson
**Útgefandi:** JPV
**Blaðsíður:** 474

Aðalpersónan í sænsku glæpasögunni Feilspor er lögreglufulltrúinn Karen Eiken. Hún er bitur og reið og drekkur of mikið. Þetta má rekja til harmleiks í lífi hennar sem opinberast þegar líða tekur á bókina. Það er einmitt drykkjan sem leiðir til þess að Karen gerir þau mistök að sofa hjá yfirmanni sínum. Manni sem hún kann engan veginn við. Það er ekki til að auðvelda Karen lífið að eftir að kona finnst myrt kemur í hennar hlut að stjórna rannsókninni en fórnarlambið er fyrrverandi eiginkona mannsins sem hún slysaðist til að sofa hjá. Karen vingast síðan við dóttur hinnar myrtu konu.

Höfundur leggur mikla áherslu á að skapa trúverðugt sögusvið, sem er Doggereyjar, og nostrar sömuleiðis við lýsingar á lífi Karenar. Allt er það hið besta mál en sjálft sakamálið fellur mjög í skuggann og verður aldrei nægilega áhugavert og engin spenna skapast í kringum það. Það er Karen sem ber söguna uppi, hún er áhugaverð í allri sinni miklu óhamingju. Lesendur norrænna glæpasagna kannast við drykkfellda lögreglumanninn sem er andfélagslegur og með mikla sjálfseyðingarhvöt. Karen er kvenkyns útgáfa af honum en á sér ríkar málsbætur því harmleikur hefur markað líf hennar.





Kaflar í bókinni gerast í fortíð, á árunum 1970 og 1971, og lýsa ansi misheppnuðu einkalífi hippa sem flutt hafa á svæðið. Það sem þar gerðist hefur afdrifaríkar afleiðingar mörgum árum seinna, eins og upplýsist í bókinni. Þótt nokkuð óvænt uppgötvun sé undir lok bókar þá á höfundur ekki sérlega góðan endasprett. Það er eins og hann hafi sjálfur orðið heldur þreyttur á tíðindaleysinu og ákveðið að taka á sprett. Í þeim hluta tekur melódramatík völdin, raunsæisfrásögnin víkur skyndilega og bókin hlunkast niður á meðalmennskuplan. Bestu sprettina á höfundur einmitt þegar hann heldur sig við raunsæislegar lýsingar.

**Kolbrún Bergþórsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Aðalpersónan í Feilspor er það besta við bókina en morðgátan sjálf verður aldrei spennandi.

## Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

**30. ÁGÚST 2019**

### Leiklist

**Hvað?** Kyrin sem hlær
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Tjarnarbíó

Compañía Patricia Pardo heimsækir Tjarnarbíó í annað sinn, nú með einlægt trúða- og leikverk. Það teflir fram andstæðum heimum um misnotkun, dauða, breyskleika og sköpunargáfu.

### Myndlist

**Hvað?** Tvær nýjar sýningar opnaðar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?**. Hafnarborg, Hafnarfirði

Allt á sama tíma er haustsýning Hafnarborgar, í stjórn Andreu Arnarsdóttur og Starkaðar Sigurðarsonar. Á henni eru verk í ólíkum miðlum. Einnig verður ný innsetning Olgu Bergmann og Önnu Hallin, hún nefnist Fangelsi.

### Tónleikar

**Hvað?** Viltu velja þér lag?
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Seltjarnarneskirkja

Óskalagatónleikar eru upphafsatriði Bæjarhátíðar Seltjarnarness. Þar standa Tindatríóið og Friðrik Vignir organisti fyrir tónleikum á léttu nótunum þar sem tónleikagestir geta valið sín uppáhaldslög úr lagalista með yfir 100 þekktum dægurlögum. Tindatríóið er skipað feðgunum Atla Guðlaugssyni skólastjóra og Bjarna og Guðlaugi Atlasyni. Atli er söngvari og trompetleikari. Aðgangseyrir er 1.500 kr. og frítt fyrir 12 ára og yngri. Enginn posi er á staðnum.



**Hvað?** Fyrirlestur um EES
**Hvenær?** 12.10-13.00
**Hvar?** Háskólinn í Reykjavík, stofu M101

EES í aldarfjórðung: Andvaraleysi eða áframhaldandi traust á samræmdum innri markaði? nefnist fyrirlestur dr. Halvard Haukeland Fredriksen, prófessors við lagadeild háskólans í Bergen. Fundurinn fer fram á ensku.

# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

**89%** Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.







## Beinn sími: 550 5625

**Sölufulltrúar:**
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is




*Fréttablaðið og Morgunblaðið

Heimild: Prentmæling Gallup. jan. - jún. 2019. Lesendur dagblaða á Höfuðborgarsvæðið á aldrinum18-49 ára.

## Menningarvetrinum ýtt úr vör




### Menningarveturinn
kl. 19.40

Bergsteinn Sigurðsson og Guðrún Sóley Gestsdóttir stikla á stóru um dagskrána í sviðslistum í vetur, í beinni útsendingu.

### Klassíkin okkar – tónlistarsagan þín
kl. 20

Stórtónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands og RÚV haldnir í fjórða sinn í beinni útsendingu. Fjölbreytt, falleg og áhrifamikil tónlist frá fjórum öldum tónlistarsögunnar og persónulegar sögur af því hvernig sígild tónlist hefur haft áhrif á Íslendinga.

Hljómsveitarstjóri er Daníel Bjarnason og kynnar kvöldsins eru Guðni Tómasson og Halla Oddný Magnúsdóttir.

RÚV RÁS 1




# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## RÚV SJÓNVARP

**12.35 Kastljós**
**12.50 Menningin**
**13.00 Útsvar 2016-2017 Grindavík - Mosfellsbær**
**14.10 Skógarnir okkar Skorradalur** Þáttaröð frá 1994 um skóga á Íslandi. Farið er í heimsókn í skóga í öllum landshlutum og skógarnir sýndir á öllum árstímum. Umsjón. Sigrún Stefánsdóttir. Dagskrárgerð. Páll Reynisson.
**14.35 Séra Brown**
**15.20 Söngvaskáld Eyjólfur Kristjánsson** Eyjólfur Kristjánsson flytur nokkur laga sinna við undirleik Jóns Ólafssonar.
**16.10 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps** Þættir frá 2016 þar sem litið er um öxl yfir 50 ára sögu sjónvarps og fróðleg og skemmtileg augnablik rifjuð upp með myndefni úr Gullkistunni. Kynnir er Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir. Dagskrárgerð. Egill Eðvarðsson. e.
**16.25 Veröld sem var Talsamband við útlönd** Í þættinum fjalla Bergsson og Blöndal um sambandið við erlent fólk sem vildi sækja okkur heim. Veiðimenn, listamenn, ævintýramenn, stjórnmálamenn, háhyrningar, konungar og drottningar koma við sögu og fá að sjálfsögðu spurninguna „How do you like Iceland?“.
**16.55 Nonni og Manni**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Ofurmennaáskorunin**
**18.29 Anna og vélmennin**
**18.50 Vísindahorn Ævars Heimsókn - Blóðbankinn** Þáttabrot með Ævari vísindamanni fyrir krakka á öllum aldri.
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Menningarveturinn**
**20.00 Klassíkin okkar 2019 Tónlistarsagan þín** Í fjórða sinn taka Sinfóníuhljómsveit Íslands og RÚV saman höndum og gefa landsmönnum kost á að ráða efnisskránni á fyrstu tónleikum hljómsveitarinnar á nýju starfsári. Í þetta sinn var kallað eftir sögum af því hvernig sígild tónverk hafa haft áhrif á Íslendinga, hvernig þau minna á merkilega atburði eða minnisstæðar manneskjur og lita hversdagslífið.
**22.20 Carol** Margverðlaunuð kvikmynd frá 2015 með Cate Blanchett og Rooney Mara í aðalhlutverkum. Myndin gerist á sjötta áratug síðustu aldar og segir frá Theresu, ungum áhugaljósmyndara sem starfar sem afgreiðslukona í verslunarmiðstöð. Líf hennar tekur stakkaskiptum þegar hún kynnist yfirstéttarkonunni Carol og á milli þeirra kviknar neisti. Myndin var tilnefnd til sex Óskarsverðlauna. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**00.15 Poirot Agatha Christie's Poirot**
**01.05 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.40 Cambia Portland Classic** Útsending frá Cambia Portland Classic á LPGA mótaröðinni.
**12.40 Tour Championship** Útsending frá Tour Championship á PGA mótaröðinni.
**17.40 Cambia Portland Classic**
**21.40 Golfing World** Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
**22.30 Cambia Portland Classic** Bein útsending frá Cambia Portland Classic á LPGA mótaröðinni.

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show**
**09.30 The Late Late Show**
**10.15 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.50 Family Guy**
**14.15 The Biggest Loser**
**15.00 90210**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 Younger**
**20.15 Bachelor in Paradise**
**21.40 The Shawshank Redemption**
**00.00 The Tonight Show**
**00.45 NCIS**
**01.30 The Handmaid's Tale**
**02.25 The Truth About the Harry Quebert Affair**
**03.25 Ray Donovan**
**04.20 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Í ljósi sögunnar**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Óskastundin**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Heimskviður**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Sögur af landi**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Grár köttur Dularfull veikindi**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Tengivagninn**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Brot úr Morgunvaktinni**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Flugur Tatarar, Ævintýri, Ríó tríó og Trúbrot**
**20.00 Klassíkin okkar Tónlistarsagan þín**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Tengivagninn**
**23.05 Óskastundin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.45 Foodfight!**
**12.20 Life of Pi**
**14.30 Overboard**
**16.25 Foodfight!**
**18.00 Life of Pi**
**20.05 Overboard**
**22.00 Gotti**
**23.50 Secret in Their Eyes**
**01.40 The Departed**
**04.10 Gotti**

## STÖÐ 2

**07.00 Tommi og Jenni**
**07.25 Friends**
**07.45 Gilmore Girls**
**08.30 Brother vs. Brother**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Mom**
**09.55 The Detail**
**10.40 Deception**
**11.25 The Good Doctor**
**12.10 Feðgar á ferð**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Ronja ræningjadóttir**
**15.00 The Wedding Singer**
**16.35 Suður-ameríski draumurinn**
**17.05 Brother vs. Brother**
**17.45 Bold and the Beautiful**
**18.05 Nágrannar**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55 Ísland í dag** Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
**19.10 Sportpakkinn** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.20 Veður**
**19.25 Strictly Come Dancing**
**20.55 Strictly Come Dancing**
**21.40 The Predator**
**23.25 Red Sparrow**
**01.40 Terminal**
**03.15 The Wedding Singer**
**04.50 Friends**

## STÖÐ 3

**19.10 Mom**
**19.35 Schitt's Creek**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 Stelpurnar**
**21.15 Barry**
**21.45 American Dad**
**22.10 Famous in love**
**22.55 Lovleg**
**23.25 All American**
**00.10 Mom**
**00.35 Seinfeld**
**01.00 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.40 Sampdoria - Lazio** Útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.
**09.20 Leganes - Atletico Madrid** Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
**12.05 AIK - Celtic** Útsending frá leik í Undankeppni Evrópudeildarinnar.
**13.50 Rosenborg - Dynamo Zagreb** Útsending frá leik í Forkeppni Meistaradeildar Evrópu.
**15.35 NFL Hard Knocks. Oakland Raiders** Flottir þættir um undirbúning Oakland Raiders fyrir veturinn í NFL deildinni.
**16.30 Ísland - Ungverjaland** Útsending frá leik í Undankeppni EM kvenna 2021.
**18.10 La Liga Report**
**18.40 Cardiff - Fulham** Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
**20.45 UFC Now**
**21.35 UFC Fight Night. Covington vs Lawler** Útsending frá UFC Fight Night þar sem Colby Covington og Robbie Lawler mætast í aðalbardaga kvöldsins.
**00.00 Sevilla - Celta Vigo** Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.

## STÖÐ 2 SPORT 2

**17.50 Sevilla - Celta Vigo** Bein útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

ILVA




25% AF NORTH BEDS RÚMUM

**LYSEFJORD N°5859**

120x200 cm 119.900 kr. Nú 89.925 kr.
160x200 cm 149.900 kr. Nú112.425 kr.
180x200 cm 159.900 kr. Nú119.925 kr.

**HÖFUÐGAFL N°01**

120 cm 24.900 kr. Nú 18.675 kr.
160 cm 29.900 kr. Nú 22.425 kr.
180 cm 34.900 kr. Nú 26.175 kr.

WWW.ILVA.IS/NORTHBEDS

©ILVA áskilur sér rétt að leiðrétta augljósar villur.

# 29. ÁGÚST - 9. SEPTEMBER

# 20-50%

## AFSLÁTTUR AF VÖRUM FYRIR SVEFNHERBERGIÐ



25% AF ÖLLUM RÚMFÖTUM

**LUNA** rúmföt. 140x200,60x63 cm. 5.995 kr. Nú 3.995 kr.



20% AF ÖLLUM SVEFNSÓFUM

**LOKE** svefnsófi. Grátt áklæði. L200 cm. Svefnflötur. 140x200 cm. 129.900 kr. Nú 99.900 kr.



20-50% AF ÖLLUM SÆNGUM OG KODDUM

**DREAM** Anylett sæng. 135x200 cm. dúntrefjar 1000g 7.995 kr. Nú 5.995 kr.
**DREAM** koddi. 60x63 cm. 3 hólf. 550g andarfjaðrir og 300g visco trefjagel. 4.995 kr. Nú 3.995 kr.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

netgíró
VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**NÝ UPPSKERA**
Beint frá Ameríku





**879** kr./kg
**Vínber Græn og rauð**
Ný uppskera frá Ameríku

**698** kr./500 g
**Jarðarber Box**
Holland/Belgía, 500 g

# Ný uppskera!








**259** kr./kg
**Íslenskar kartöflur**
Gullauga eða rauðar, í lausu

**359** kr./500 g
**Garðyrkjustöðin að Leyni**
**Gulrætur,** 500 g

**598** kr./kg
**Spergilkál**
Íslenskt

**ILMANDI BAKKELSI**







**359** kr./stk.
**Myllan Lífskornabrauð**
3 teg., 450 g

Bakað úr heilu
**HVEITIKORNI**
og rúgi

**498** kr./stk.
**Myllu Möndlukaka**
420 g

Þýsk
**NAUTALUND**



**3.998** kr./kg

**Nautalund**
Þýskaland, frosin

**ÍSLENSK**
Grísalund




**1.498** kr./kg

**Ali Grísalundir**
Ferskar

**750ml**




**Aðeins**

**598** kr./750 ml

**Euroshopper Jómfrúar Ólífuolía**
750 ml

# SAMA VERÐ UM LAND ALLT

**2l**




**24g prótein**
pr. 100g




**698** kr./500 g

**ES Möndlur**
Með hýði, 500 g

**2l**




**ÍSLENSK**
framleiðsla

**195** kr./2 l

**Pepsi og Pepsi Max**
2 lítrar

**698** kr./2 l

**Kjörís Mjúkís**
2 lítrar

# BÓNUS

**EKKERT BRUÐL**

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
**Bónus Smáratorgi og Skeifunni:** Mánudaga-Laugardaga; 10:00-19:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00


Leikkonan á frumsýningu Where'd You Go, Bernadette?

# Hin smekklega Cate Blanchett

**Cate Blanchett** er ekki bara þekkt fyrir afburða góða takta á hvíta tjaldinu, heldur þykir hún einnig vera töff í klæðavali og til í að taka áhættu. Nú stendur yfir kynningarherferð fyrir nýjustu mynd hennar, og því um að gera að skoða stíl leikkonunnar undanfarin misseri.

Ástralska leikkonan Cate Blanchett ætti að vera flestum kunn, enda hefur hún unnið til tvennra Óskarsverðlauna. Hún er ekki einungis þekkt fyrir afburða góðan leik heldur hefur hún löngum þótt hafa áhugaverðan og töff fatasmekk. Síðustu vikur hefur hún verið að kynna nýjustu mynd sína Where'd You Go, Bernadette? Hún er alltaf einstaklega smekkleg á rauða dreglinum, en þorir þó að taka áhættu. Meðfylgjandi eru skemmtilegar myndir af klæðavali leikkonunnar undanfarin misseri.

steingerdur@frettabladid.is


Cate klæðist oft drögtum en þessi er mjög töffaraleg.


Í Ástralíu í fallegri hvítri dragt.


Dökk augnmálningin fer óaðfinnanlega við þetta svarta dress.




Með leðursandölum og stórum sólgleraugum tekst Cate að gera þennan einfalda gráa kjól aðeins öðruvísi.

Hún hikar ekki við að klæðast áberandi litum og að endurnýta hluti, enda sást hún ósjaldan með þessa flottu bláu tösku á meðan kynningarherferð fyrir nýjustu mynd hennar stóð yfir.


Cate hefur tvisvar hlotið Óskarsverðlaunin eftirsóttu.

GLAMOUR
Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram • Twitter

**STÓRSVEIT**
REYKJAVÍKUR
KYNNIR:

**6. október** kl. 20.00
**Eldborg** Hörpu

Nat King Cole 100 ára

# NAT & NATALIE



**SÖNGVARAR**
Sigríður Thorlacius
Sigurður Guðmundsson
Páll Rósinkranz
Unnsteinn Manuel Stefánsson

**STJÓRNANDI OG KYNNIR**
Sigurður Flosason


339 kr.
SÚRDEIGS PIZZA DEIG
HÁGÆÐA DEIG
FERSKT OG FLOTT
220g

ALLT Í FÖSTUDAGS PIZZUNA!!!

REMA 1000

219 kr.
REMA 1000
PIZZASÓSA
LÍFRÆN
280g







159 kr.
REMA 1000
PIZZASÓSA
280g

ÞÚ FINNUR SUPER1 Á TVEIMUR STÖÐUM







HALLVEIGARSTÍG 1
SMIÐJUVEGI 2

OPIÐ 10:00 - 22:00 ALLA DAGA

SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ





Myndband við lagið Summer funeral í leikstjórn Baldvins Z kemur út í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Þrjátíu lögum og sálufélaga ríkari

**Zoe Ruth Erwin** ætlaði aðeins að dvelja á landinu í nokkrar vikur, semja tónlist og ná að hreinsa hugann eftir röð áfalla. Tveimur árum síðar er hún hér enn og stefnir ekki aftur út á næstunni, enda fann hún hér það sem hjartað leitaði að.

Söngkonan ZÖE kom eins og þruma úr heiðskíru lofti. Hún birtist á sjónarsviði okkar Íslendinga fyrst fyrir alvöru þegar hún átti aðallagið í vinsælustu mynd síðasta árs, Lof mér að falla. Margir höfðu orð á því hve magnað það væri að íslensk mynd hefði færi á því að fá einhverja heimsþekkta söngkonu úti í heimi til að semja svona stórbrotið lag fyrir myndina, en hún býr hér og rekur sitt eigið stúdíó úti á Granda.

### Neitaði að drukkna í vonleysinu

ZÖE heitir fullu nafni Zoe Ruth Erwin og er frá Los Angeles. Hún er miklum hæfileikum gædd, hljóðverkfræðingur, tónlistarframleiðandi og lagahöfundur, fyrir utan að syngja og spila tónlist.

Hún semur og framleiðir tónlist með þó nokkrum íslenskum tónlistarmönnum og söngvurum í stúdíóinu sínu úti á Granda.

„Árið 2015 var mér mjög erfitt. Ég missti föður minn eftir átta ára erfiða baráttu hans við krabbamein. Örfáum mánuðum seinna slitnaði upp úr sambandi mínu og kærasta míns sem var með mér í hljómsveit á þeim tíma,“ segir Zoe.

Í staðinn fyrir að leggja hendur í skaut og drukkna í vonleysinu ákvað Zoe að ögra sjálfri sér og stuða sig út úr sorginni.

„Ég fékk þá hugdettu að ferðast eitthvert alveg ein, til einhvers staðar sem ég hefði aldrei hugsað hingað til um að heimsækja. Planið var að læsa að mér og skrifa plötu á þremur vikum. Vinur minn sem ég hafði starfað með í tónlistinni stakk upp á Íslandi, og að ég skyldi mæla mér mót við þann sem mixaði tónlistina sem við höfðum gert saman, sem var Addi 800.“

**ÉG HELD AÐ ÁSTÆÐAN FYRIR ÞVÍ HVE GJÖFULT OG FARSÆLT SAMSTARF OKKAR HEFUR VERIÐ SÉ AÐ HANN NÆR AÐ SJÁ FYRIR SÉR TÓNLISTINA MÍNA, OG ÉG AÐ SEMJA TÓNLIST VIÐ ÞAÐ SEM HANN SÉR FYRIR SÉR.**

### Sálufélaga ríkari

Nokkrum vikum síðar var Zoe mætt til Reykjavíkur og kolféll fyrir landi og náttúru. Hún sker sig þó úr frá hinum klassíska aðflutta að einu leyti.

„Ég held mikið upp á myrkrið og íslenska veturinn,“ segir Zoe.

Eftir nokkurra daga dvöl hitti hún Adda, og varð þeim báðum fljótt ljóst að þeirra á milli ríktu einhver ólýsanleg tengsl. Ekki bara rómantísk.

„Við fundum strax fyrir gagnkvæmri virðingu þegar það kemur að listinni sem við vorum að skapa. Einhver óútskýranleg og órjúfanleg tengsl. Þriggja vikna dvöl breyttist í þrjá mánuði, og að henni lokinni stóð ég uppi með ekki einungis 30 ný lög heldur sálufélaga, ástina í lífi mínu.“

### Tók upp lagið í leyni

Zoe kynntist Baldvini Z leikstjóra í gegnum kærasta sinn, en Addi sá um hljóðhönnunina fyrir Lof mér að falla.

„Baldvin setti lagið Ain't gonna rain anymore í enda myndarinnar en það var flókið ferli að fá leyfi fyrir því að nota upprunalegu upptökurnar svo að hann var að leita að öðrum möguleikum. Án þess að segja honum tók ég upp mína útgáfu af laginu og spilaði fyrir hann. Honum þótti það í það minnsta nógu bærilegt til að hann notaði það í myndina,“ segi Zoe hlæjandi.

Zoe samdi einnig lagið Let me fall, sérstaklega fyrir myndina, í kjölfar þess að hún sá grófa klippingu af myndinni.

„Það er listrænn skilningur á milli okkar Baldvins sem gerði samstarfið spennandi, skemmtilegt og óútreiknanlegt. Þegar ég sagði honum frá nýja laginu mínu, Summer funeral, stökk hann nánast á lestina með alveg ótrúlega frábærar hugmyndir fyrir myndbandið. Málið með Baldvin er að listræn sýn hans er svo mögnuð og stundum ögrandi að jafnvel lélegu hugmyndirnar hans eru góðar. Þess vegna segi ég nánast já við þeim öllum.“

### Gjöfult og gott samstarf

Hún segir að ýmsar hugmyndir hafi verið í gangi og að góð ástæða sé fyrir því hvernig myndbandið small svo saman í lokin.

„Við ákváðum að mæta bara á tökustað með búnaðinn og byrja að taka upp, láta innblásturinn og upplifunina leiða okkur. Þegar leið á tökurnar, þá einhvern veginn birtist andinn og sagan af sjálfu sér. Ég held að ástæðan fyrir því hve gjöfult og farsælt samstarf okkar hefur verið sé að hann nær að sjá fyrir sér tónlistina mína, og ég að semja tónlist við það sem hann sér fyrir sér.“

Myndbandið við lagið Summer funeral eftir ZÖE í leikstjórn Baldvins Z er hægt að nálgast á YouTube í dag. **steingerdur@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*




100 ÁRA

**ÍSAGA var stofnað 30. ágúst 1919 til að framleiða acetylengas fyrir vita landsins.**

AGA var fremst í þróun í ljóstækni fyrir vita. Af þeim sökum var AGA valið sem samstarfsaðili og hluthafi við stofnun ÍSAGA.
Fyrsti vitinn var reistur hér árið 1878 og fyrstu AGA vitarnir hér á landi voru reistir árið 1909.

# OPIÐ HÚS

## Í DAG FRÁ KL. 15-17 AÐ BREIÐHÖFÐA 11 - ALLIR VELKOMNIR

KYNNING Á FYRIRTÆKINU

TILRAUNIR OG TÖFRAR MEÐ ÞURRÍS OG KÖFNUNAREFNI

ÞYRLUFLUG Í SÝNDARVERULEIKA

HOPPUKASTALI

PYLSUR, GOS OG ÍS GERÐUR MEÐ FLJÓTANDI KÖFNUNAREFNI

Vegna þessa verður afgreiðsla ÍSAGA lokuð frá hádegi í dag.

EFTIRTALDIR SAMSTARFSAÐILAR ÍSAGA ÓSKA FYRIRTÆKINU TIL HAMINGJU MEÐ 100 ÁRA AFMÆLIÐ

matorka Land-based Aquaculture · ÖLGERÐIN EGILL SKALLAGRÍMSSON · marel · LYSI · LÆKNA STÖÐIN · VHE HUGVIT Í VERKI · GASTEC • ÞEKKING OG ÞJÓNUSTA • · LIVIO Reykjavík

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Þórarins Þórarinssonar




## Öskrið í skóginum

Hversu ryðgaður ætli maður sé orðinn á sálinni þegar maður finnur sig knúinn til þess að sanna tilvist sína, ágæti og siðferðis- og vitsmunalega yfirburði fyrir sjálfum sér og öðrum með reglulegum upphrópunum og æðisköstum á samfélagsmiðlum?

Getur mögulega verið að lífið sé merkilegra og skemmtilegra en svo að ekki sé hægt að finna eitthvað innihaldsríkara til að æðrast yfir en mauksoðið og grátt grænmeti? Innflutt beljukjöt, skattsvik áhrifavalda, óð freðinna „fyrirmynda“ um ágæti fíkniefna, óverðskulduð ofurlaun landeyða og alla heimsins hörðu orkupakka frá einum upp sjötíu og sjö?

Taktfastur nettryllingur minnir mig stundum á Halla gamla sem vann með mér á bensínstöðinni. Eftir að úttaugaðir viðskiptaóvinir okkar höfðu lokið við að úða úr forarvilpum sálna sinna yfir varnarlausa verkamennina sagði hann bara: „Aumingja fólkið.“

Hlýtur að vera allt annað líf að vinna á bensínstöð eftir að Facebook kom til sögunar þótt við hefðum nú ekkert tekið djöfulganginn nærri okkur. Ekkert frekar en góð vinkona mín sem kemur reglulega við kaunin á alvitringakór allra heilagra þannig að hún er stundum tjörguð og fiðruð á samfélagsmiðlum.

Hún hefur nefnilega ekki hugmynd um þær nornabrennur vegna þess að hún hefur hreiðrað notalega um sig í 19. öldinni með Dickens og Tjækovskí þannig að hún heyrir ekki hávaðann frá þessum tannhjólum í vítisvélum vorra tíma.

Þessi ofsafengna og yfirlætisfulla síbylja er þegar allt kemur til alls ekkert merkilegri eða marktækari en tréð sem féll í mannlausa skóginum í vöggu vestrænnar menningar til forna og heyrist ekki ef maður heldur sig í öruggri fjarlægð.













**SERTA SINFONIA**
**ÓTRÚLEGT AFMÆLISVERÐ**

| STÆRÐ | AFMÆLISVERÐ STÖK DÝNA | AFMÆLISVERÐ MEÐ COMFORT BOTNI OG FÓTUM |
|---|---|---|
| 120x200 cm | 65.900 kr. | 103.940 kr. |
| 140x200 cm | 72.900 kr. | 115.875 kr. |
| 160x200 cm | 79.900 kr. | 133.375 kr. |
| 180x200 cm | 89.900 kr. | 152.060 kr. |
| 180x210 cm | 95.900 kr. | 166.745 kr. |
| 192x203 cm | 99.900 kr. | 170.745 kr. |

Serta® STÆRSTI DÝNUFRAMLEIÐANDI VERALDAR

Sinfonia

**Í tilefni 25 ÁRA AFMÆLIS BETRA BAKS höfum við í náinni samvinnu við sérfræðinga SERTA, stærsta dýnuframleiðanda veraldar, sérhannað og framleitt Sinfoniu, einstaka heilsudýnu fyrir viðskiptavini sem kjósa gæði og gott verð.**

SINFONIA er einstaklega þægileg dýna með 7 hægindalögum. Lögin eru samsett úr hágæða svampi og lagi úr náttúrulegu Talalay-latexi sem saman gefa mýkt og stuðning á réttum svæðum. Sinfonia er með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi og stýrist hreyfing gormanna af mismunandi þunga líkamssvæða. Þannig veitir dýnan alltaf hárréttan stuðning. Gormakerfið er mýkra á axlasvæðum og við mjóbak til að halda réttri sveigju á líkamanum alla nóttina.

Steyptar kantstyrkingar gefa þér um 25% meira svefnrými og eykur það endingu dýnunnar. Áklæðið utan um dýnuna er úr 100% bómull og andar einstaklega vel.

**FAXAFENI 5** Reykjavík 588 8477
**DALSBRAUT 1** Akureyri 588 1100
**SKEIÐI 1** Ísafirði 456 4566
**AFGREIÐSLUTÍMI** Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16 www.betrabak.is

Betra BAK